



MAGNÚS SÁ FLJÚGANDI FURÐUHLUT YFIR SNÆFELLSJÖKLI:

Ógleymanleg upplifun



Íslensku Playboy-stúlkurnar

24. ÁGÚST 2018 / 32. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV



„HVADA RUGL ER ÉG EIGINLEGA KOMINN ÚT Í?“

Syndir kirkjunnar:



SÉRA ÞÓRI HAMPAD ÞRÁTT FYRIR AÐ HAFA VIÐURKENNT KYNFERÐISBROT GEGN BARNI



Lyfseðilsskyld lyf kostuðu Valdimar lífið

Svandís um geðheilbrigðisvandann:

„Tilteknir læknar sem ávísa mjög mikið“



Elín lenti í hræðilegu sjóslysi – faðir hennar fórst:

„BÁTINN RAK Í AÐRA ÁTTINA OG PABBA Í HINA“

■ Bjargaði síðar barni frá drukknun



Margar gerðir af FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO


ISO FIX

ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION

3POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Síðustu orðin

„Elskið hvert annað.“

– George Harrison (1943–2001)

Á þessum degi, 24. ágúst



79 – Vesúvius gýs með þeim afleiðingum að borgirnar Pompei, Herculaneum og Stabiae grafast í ösku. Margir fræðimenn hafa þó borðbrigður á dagsetninguna og telja 24. október líklegri.



1456 – Prentun Biblíu Gutenbergs lýkur.



1875 – Englingurinn Matthew Webb kaftinn syndir fyrstur manna yfir Ermarsundið. Hann lagði upp frá Dover og tók land í Calais.



1932 – Bandaríkjamadurinn Amelia Earhart flýgur fyrst manna þvert yfir Bandaríkin án þess að millilenda, frá Los Angeles til Newark í New Jersey.

1981 – Mark David Chapman fær 20 ára til lífstíðar dóm fyrir morðið á John Lennon.



1991 – Úkraína lýsir yfir sjálfstæði gagnvart Sovétríkjunum.



Fyrst kvenna til þess að synda Grettissundið:

Syndir öðru sinni til að semja frið við eyrna

Ruddi veginn og skellti sér svo á Bubbatónleika

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Grettissundið hefur í gegnum tíðina þótt gríðarmikið afrek. Það er nefnt eftir Gretti Ásmundarsyni, sem kallaður var Grettir sterki, eftir að hann synti frá Drangey að Reykjanesi á Reykjaströnd í árdaga Íslandsbyggðar. Sundið er um 7,1 kílómetra langt og samkvæmt opinberum skráum hafa sjö einstaklingar þreytt þessa miklu þrekaun og lokið sundinu.

Hin skoskættaða Sara Jóna Emily Caird er fyrsta og eina konan til þess að synda Grettissundið og stefnir að því að endurtaka leikinn á næstunni. Sara er búsett á Innstalandi í Skagafirði og gengst við því að vera sundgarpur. Þann 15. ágúst árið 2009 tókst hún fyrst á við þá miklu raun að leggja í sundið fræga.

„Þetta kom þannig til að ég spurði sjálfa mig hvað mér þætti leiðinlegt,“ segir Sara. „Þá komst ég að þeirri niðurstöðu að hversdagsleikinn þykir mér langleiðinlegastur. Drifkraftur minn með þetta sund var að gera eitthvað óvenjulegt. Engin kona hafði verið nógu klikkuð til þess að prófa þetta sund. Ég vildi kanna hversu sterk ég væri og gera eitthvað sem ég væri stolt af.“

Sara kláraði sundið á rúmum þremur klukkustundum og synti einungis í bikiní í gríðarlegu roki að hennar sögn. Hún fann fyrir ör-

lítilli óttatilfinningu þegar hún sá hvernig viðraði en hét því, þegar hún mætti á upphafsstaðinn, að sama hvað gerðist þá myndi hún ekki láta það stöðva sig. „Það kom ekki til greina að hætta við og ég hugsaði: „Ég ætla að synda þetta eða deyja á leiðinni.““ segir Sara. „Ég er svo mikil áhugamanneskja um íslenskar þjóðhetjur og ég leit á það sem mikinn heiður að geta klárað sömu leið og Grettir sterki.“

Tæplega árisíðar – þann 14. ágúst 2010 – ákvað Sara að taka áskorunina skrefinu lengra og synti Drangeyjarsundið. Hið síðarnefnda er aðeins styttra, um tæplega 6,6 kílómetrar og þar er lagt af stað frá fjórundi sunnan megin við Drangey. Sara kláraði Drangeyjarsundið á tveimur klukkustundum og fjórtíu og fimm mínútum.

Sara telur þó að Grettissundið hafi verið töluvert auðveldara þrátt fyrir lengri vegalengd. Ískaldur sjórinn truflaði hana lítið og spilaði hún tónlist í höfðinu alla ferðina. „Þetta var miklu léttara en ég gerði ráð fyrir. Beint eftir sundið

„Ég ætla að synda þetta eða deyja á leiðinni“

tókst mér meira að segja að skella mér á ball með Bubba Morthens og vakti alla nóttina í kjölfarið á því,“ segir hún hress og bætir við að Drangeyjarsundið hafi verið „miklu, miklu erfiðara.“

Þá synti hún ekki í beinni línu og hafði það mikil áhrif að hún synti seint að kvöldi til. „Ég endaði á því að

fara miklu lengri vegalengd en ég hefði átt að gera. Það er ekkert grín að synda svona vegalengd. Fingurnir voru næstum því frosnir af og síðasti kílómetrin gekk allveg frá mér.“

Aðspurð um aðra tilraun til þess að takast á við Grettissund segir Sara að það hafi blundað í henni í svoltinn tíma, eins og óklárað verk sem kallar til hennar. Hins vegar hafi erfiðni við Drangeyjarsundið hindrað hana í að láta af því verða, en nú sé það komið á hreint. „Með því að synda þetta einu sinni í viðbót finnst mér eins og ég sé að semja frið við eyruna, sem mér tekst vonandi að gera,“ segir hún. „Með Drangeyjarsundinu væri þetta þá í rauninni þriðja þrekvirkið og mér finnst þrjú gífurlega flott tala.“ ■



Arnór snýr aftur í Seðlabankann

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Arnór Sighvatsson, sem á dögunum lét af starfi aðstoðarseðlabankastjóra löögum samkvæmt, hefur ekki sagt alveg skilið við bankann. Hann mun koma tímabundið aftur til starfa í haust til þess að ljúka ýmsum verkefnum. „Það var um það rætt þegar Arnór lét af embætti í sumar að það þyrfti að fá hann í viss verkefni síðar. Nú er um það samkomulag að hann taki að sér tiltekin skýrsluskrif sem hann byrjar væntanlega á í haust og að vinnan við þau geti staðið yfir fram á árið 2019,“ segir Stefán

Jóhann Stefánsson, upplýsinga- fulltrúi Seðlabanka Íslands, í skriflegu svari til blaðsins.

Fáir þekkja starfsemi Seðlabanka Íslands betur Arnór Sighvatsson. Þegar hann kvaddi bankann fyrir á árinu hafði hann unnið þar samfleytt í 28 ár. Hann hóf þar störf árið 1990 eftir að hafa lokið doktorsprófi í hagfræði frá Northern Illinois University sama ár. Arnór tók við stöðu aðal- hagfræðings og framkvæmdastjóra hagfræðisviðs bankans árið 2004 og var settur aðstoðarseðlabankastjóri í febrúar 2009. Fyrst til bráðabirgða en síðan var hann formlega skipaður í embættið til fjögurra ára í júlí sama ár.

Arnór var endurskipaður aðstoðarseðlabankastjóri til fimm ára í apríl 2013. Löögum samkvæmt getur hver einstaklingur aðeins verið skipaður tvisvar í embættið og því lauk Arnór störfum í lok júní.

Staðan var auglýst fyrir á árinu og að lokum skipaði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra Rannveigu Sigurðardóttur sem aðstoðarseðla-


bankastjóra. Rannveig hefur frá árinu 2009 starfað sem aðstoðarframkvæmdastjóri hagfræði- og peningastefnuviðs Seðlabanka Íslands og verið ritari peningastefnunefndar, ásamt því að vera staðgengill aðal- hagfræðings bankans. ■



Hitarar



Viftur



Rakataeki



Lofthreinsitæki



Láttu þér líða vel - Gott úrval af vönduðum tækjum

Hver er hann?



■ Hann er fæddur 27. ágúst árið 1962.

■ Hann er þekktastur fyrir skrif sín en hefur jafnframt tekið þátt í ýmsum tónlistarviðburðum og myndlistarsýningum.

■ Hann hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2005.

■ Hann er sonur Sigurðar Geirdal, sem var bæjarstjóri Kópavogs í mörg ár.

■ Hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna árið 2001 fyrir besta frumsamda lag í kvikmynd.

(NORS) NOSSARRNIS RIRI8R NORRIS


Það er staðreynd að...



Það er ómögulegt að hrjóta og dreyma á sama tíma.



Margir Rómverjar hreinsuðu tennur sínar með þvagi, enda svinvirkar það vegna ammóníaksins – þó að ekki sé mælt með aðferðinni.




Kvenkyns kengúrur eru með þrjú leg.



Í gegnum árin hafa flestir Prúðuleikararnir verið órvhentir, sökum þess að brúðumeistararnir hafa flestir verið réttentir.



Marilyn Monroe var með hærri greindarvísitölu en Albert Einstein. Hennar var 163 en hans var 160.



Valdimar Brynjar (23) lést af völdum lyfjæitrunar



„Ég veit ekki hvar við værum í dag ef stuðningur samfélagsins hefði ekki verið til staðar“

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Valdimar Brynjar Atlason lést á heimili sínu þann 13. júlí 2016 af völdum lyfjæitrunar vegna misnotkunar á lyfseðilsskyldum lyfjum. Hann var 23 ára gamall, fæddur 26. febrúar 1993. Hann glímdi við kvíða frá barnsaldri og var búinn að leita margra leiða til að vinna bug á honum. Valdimar Brynjar er einn af þeim mörgu unglingum og ungmennum sem fallið hafa frá síðustu ár vegna misnotkunar á lyfseðilsskyldum lyfjum.

Bláðamaður DV settist niður með móður og systur Valdimars, Raket Rut Valdimarsdóttir og Kristjönu Rut Atladóttur, og ræddi við þær um Valdimar, baráttu hans við kvíða frá barnsaldri og misnotkun á lyfseðilsskyldu lyfjunum og hvernig þær tókust á við sorgina.

„Valdimar var gleðigjafi,“ segir Raket, um leið og hún flettir í minningabókinni sem hún hefur búið til um son sinn. „Hann var alltaf glaður, alltaf þakklátur, alltaf lítillátur og krafðist einskis.“

Valdimar var annar í röðinni í fimm barna hópi Rakelar. Elst er Birgitta, fædd 1988, Kristjana Rut, fædd 1995, Guðlaug Díana, fædd 2000, og Sara Ísabel, fædd 2003. Einnig eru tvö hálf systkini föður Valdimars megin, Heiðar Páll, fæddur 1982, og Mýa Ýrr, fædd 1983.

Foreldrar hans skildu þegar Valdimar var þriggja ára og segir móðir hans að skilnaðurinn hafi fengið á hann, þrátt fyrir að hann væri ungur að árum. „En hann elskaði okkur bæði skilyrðislaust.“

Þegar Valdimar var 15 ára flutti hann heim til föður síns. Á sama tíma var hann greindur með ADHD og settur á Concerta. „Þá byrjaði hann að reykja gras til að geta sofnað að hans sögn og var kominn með eigin plöntu heima. Þegar hann var 17 ára ákvað hann að fara í meðferð. Þegar hann var 13 ára þá fannst mér farið að bera á þunglyndi hjá honum, hann hafði ekki áhuga á neinu. Hann var alltaf glaður, en latur. Svo fór hann að nota stera upp úr því og mig grunar að það hafi ekki haft góð áhrif á geðheilsu hans,“ segir Raket, sem segist aldrei hafa verið sátt við greininguna á syni sínum.

„Furðuleg tilfinning. Ofsaleg vellíðan og þó nokkur vanlíðan bæði á sama tíma. Hrikaleg þreyta og heilmikill þróttur í góðu samlyndi.“

„Hann var afbrigðs námsmaður og vel yfir meðalgreind þegar hann var sjö ára. Skólaleiðinn kom hins vegar strax í upphafi og það einkenndi hann að hanga fram á borðið, hann var búinn að öllu í tíma á fyrstu mínúttunum. Kvíðinn fór að gera vart við sig þegar hann var í grunnskóla og vanlíðan, einhver líðan sem hann vissi ekki hvað hann átti að gera við. Og hann upplifði sig sem vonda einstakling.“

Þegar Valdimar var í meðferð á Vogu eignaðist hann góðan vin. „Þeir urðu einu vinir hvor annars, þrátt fyrir að vera hvor á sínum staðnum á landinu,“ segir Raket og Kristjana bætir við að þegar hann hafi verið yngri þá hafi hann átt stóran vinahóp, en af því að sambandið hafi rofnað þá þorði hann ekki að eiga frumkvæðið að því að endurvekja það. „Besti vinur hans hér flutti til Noregs og hann talaði oft um að hafa samband við hann en þorði því ekki.“

Eftir andlát hans hafa þó margir vina hans haft samband og margir þeirra eru í reglulegu sambandi við mæðgurnar í dag.

Valdimar drakk áfengi tvisvar sinnum eftir að hann fór í meðferðina á Vogu 17 ára, í fyrra skiptið tók hann lyf með því, sagði föður sínum frá sem hringdi á sjúkrahúsi og var Valdimar fluttur á geðdeild. „Í seinna skiptið, í desember árið 2015, ætlaði hann að detta í það með vini sínum, en var kominn heim sólarhring síðar. Sagðist hann bara hafa viljað prófa þetta af því að hann hefði aldrei prófað það áður.“

Fann loksins tilgang í iðjuþjálfun

Þegar Valdimar fór í meðferð 17 ára hætti hann á Concerta og leit að sér stuðnings hjá geðlækni



skömmu eftir það. Hann var settur á ýmis þunglyndis- og kvíðalyf í gengum árin, en gafst oft upp á þeim og notaði stera samhliða eða þegar hann var ekki á geðlyfjum. Hann fann sig í iðjuþjálfuninni á göngudeild Geðdeildar Landspítalans. „Honum var til dæmis boðið að taka við umsjón á smíðaverkstæðið þar, hann sagði mér ekki frá því og líklega hefur þessi tilvonda ábyrgð valdið honum kvíða, líkt og aðrar breytingar í lífi hans,“ segir Raket.

„Það hjálpaði honum þó mest að vera þarna, þar fann hann loksins tilgang. Og líka að vera innan um annað fólk sem var stadd á sama stað og hann og að skilja að hann var ekki einn. En svo er þjálfuninni lokað yfir lengri tímabil árlega, því það er ekki hægt að fjármagna hana. Hvað átti hann að gera þegar var lokað?“ segir Kristjana og bætir við að hana langi til að stofna sjóð til að styrkja iðjuþjálfunina.

Segja þær mæðgur að Valdimar hafi talað um að hann vildi læra húsgagnasmíði og á heimili mæðgnanna er fjöldi fallegra muna sem hann smíðaði í iðjuþjálfuninni og verða þeir varðveittir til minningar um hann.

Heltekinn af kvíða en fór að líða betur stuttu fyrir andlátid

„Kvíðinn heltók hann, hann ein-

blíndi stöðugt á hann og vildi vita af hverju hann væri kvíðinn núna og slíkt. En honum var byrjað að líða betur og það var allt á uppleið. Hann komst á örorku 1. júlí og létti það af honum ákveðnum áhyggjum,“ segir Raket. „Á þriðjudeginum fyrir andlát hans keypti hann sér gönguskó sem hann hafði lengi dreymt um að eignast og einnig hafði hann nýlega keypt sér draumatölvuna og setti hana saman sjálfur.“

Fyrir andlát sitt var Valdimar búinn að vera í nokkra daga heima hjá móður sinni. „En svo vildi hann bara komast heim, ég keyrði hann þangað og bauð honum að koma með mér í Hvalfjörð, en hann afþakkaði og vildi bara fara heim og tala við vin sinn. Sem hann gerði frá um klukkan 18.00 og til miðnættis, ef frá er talinn tíminn þegar hann fór út að ganga með Tind, hundinn minn sem hann bað um að fá að taka með sér heim.“

Hann sagði vini sínum að hann væri búinn að taka lyf, Oxycontin, og af því að ekkert gerðist tók hann meira. Hann hafði gert þessar tilraunir 2-3 áður og hafði tekið meira magn þá, en núna hafði hann lést mikið og var væntanlega ekki með það í huga. Um var að ræða lyf sem faðir hans var á vegna veikinda og Valdimar sótti sér. Um miðnætti sagðist hann sjá tvöfalt og ætlaði að hvíla sig ▶

Til forráðamanna hlutafélaga,
einkahlutafélaga og annarra skattskyldra
lögaðila um skil á skattframtali 2018

Áminning um framtalsskil lögaðila

Álagning opinberra gjalda á lögaðila
árið 2018 vegna rekstrarársins 2017
fer fram í september nk.
Athugið að álagningin er nú
mánuði fyrr á ferðinni en áður.



Forráðamenn lögaðila, sem enn hafa
ekki staðið skil á skattframtali 2018
ásamt ársreikningi, eru hvattir til að
annast skil hið allra fyrsta.

Skráður lögaðili skal ætíð skila
skattframtali vegna undangengins
reikningsárs þrátt fyrir að engin
eiginleg starfsemi eða rekstur hafi
átt sér stað á reikningsárinu.

Félög eiga jafnframt að skila
ársreikningi til Ársreikningaskrár.

Skattframtali og ársreikningi ber
að skila rafrænt á skattur.is.

og lofaði vini sínum að taka ekki meira inn því hann ætti að sækja þabba sinn daginn eftir á spítalann. Og hann vildi ekki að þabbi sinn vissi að hann hefði aftur stolist í lyfin hans.“

Valdimar mætti hins vegar ekki á spítalann til að sækja föður sinn, sem hringdi þá í hálfbróður hans og bað hann að fara og athuga með Valdimar. Rakel var á leið í veislu með dæturnar þegar hún fékk símtal frá föður Valdimars þar sem hann sagðist vera með slæmar fréttir.

Eftir krufningu kom í ljós að um lyfjæitrun var að ræða og fékk Rakel þær upplýsingar hjá lögreglu að mikil fjölgun væri í andlátum af þeim toga. „Það var nokkuð ljóst að þetta var ekki viljaverk hjá honum, hann var svo mikill þælari, las sér til um allt og hafði sterkar skoðanir, þarna bara feilar hann, en hann vissi að þetta var áhætta,“ segir Rakel.

„Ein tafla getur drepit, það er sannleikurinn og ég vil frekar segja eitthvað en bara horfa upp á þetta. Það er mikilvægt að gera börnum grein fyrir því að það er nóg að taka eina. Margir telja hins vegar að þetta sé í lagi af því að þetta er læknadóp.“

„Það eru allir hræddir við að tala um Valdimar við mig“

Eftir andlát Valdimars voru mæðgurnar heima hjá foreldrum Rakelar. Prestur kom heim til þeirra þar, fjölskylduvinur hafði hringt í hann og beðið hann um að heimsækja fjölskylduna. „Okkur var ekki boðin áfallahjálp og ég hafði ekki orku til að bera mig eftir henni. Ég var að vinna með sálfræðingi, sem reyndi að koma mér í áfallateymi, en ég uppfyllti ekki skilyrði til að komast í það, þar sem ég kom ekki sjálf að Valdimar látnum.“

Allir buðu okkur að koma í heimsókn og voru til staðar, en ég hafði mig aldrei í að koma mér út úr húsi. Hins vegar komu fáir í heimsókn,“ segir Rakel.

„Ég ætlaði að hringja til hans þetta kvöld en ákvað að bíða með það til morguns,“ segir Kristjana. „Svo vöknudu spurningarnar: Af hverju hringdi ég ekki? Hefði ég getað stoppað þetta? Maður fer að hugsa svona og má ekki gera það. Það voru tvær vikur í að ég myndi flytja heim og við vorum búin að tala um að flytja inn saman, af hverju flutti ég ekki fyrr heim?“

Það eru allir svo hræddir við að tala við mig um bróður minn, það eru allir svo hræddir um að mér muni líða illa. En mig langar að tala um bróður minn og minnst

hans, ég á bara góðar minningar um hann.“

Mæðgurnar fengu þó allar aðstoð á endanum með stuðningi sálfræðings á vinnustað Rakelar. „Ég fór og hitti geðlækni, hjúkrunarfræðing og sálfræðing á Landspítalanum og fór í HAM-meðferð. Síðan komst ég inn á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og er með sálfræðing þar ennþá. Við fengum allar hver sinn sálfræðinginn; Kristjana komst inn á Hvíta bandið. Við fórum líka til SÁÁ, þar bjóða þeir upp á sálfræðipjónustu fyrir börn sinna skjólstæðinga.“

Stuttu eftir andlát Valdimars fóru mæðgurnar hringferð um landið. Á því ferðalagi hitti Rakel konu sem misst hafði sjö ára gamalt barn fyrir 20 árum. Segir hún að orð konunnar hafi verið mikilvæg fyrir hana: „Það eru 20 ár síðan sonur minn lést og ég er hér, það er allt í lagi með mig. Ég fékk sjö ár með syni mínum, þú fékkst 23 ár, vertu þakklát.“ Ég tileinkaði mér strax þessi fallegu orð og er eingöngu þakklát fyrir þau 23 ár sem við Valdimar fengum að að njóta samfylgdar. Ég get ekki sett mig í spor þeirra sem hafa misst ung börn.“

Leitaði sér stanslaust hjálpar við kvíðanum

„Valdimar var meðvitaður um kvíðann og þunglyndið og leitaði sér hjálpar á mörgum stöðum, hann leitaði sér stanslaust aðstoðar. Hann var búinn að hitta og tala við nokkra sálfræðinga sem náðu þá ekki til hans, honum fannst þeir ekkert sérlega gáfaðir og sagðist hafa gaman af því að spila með þá. Hann var vel gefinn og sá fljótt í gegnum fólk og valdi út frá því það fólk sem hann vildi eiga samskipti við. Hann spilaði sig annan þar til hann hitti þann sem hann var með undir lokin, hann var mjög ánægður með hann. Hann var um tíma á AA-fundum, um tíma á samkomum, hann spilaði tölvuleiki til að ná tökum á kvíðanum,“ segir Rakel.

„Hvernig var mögulegt að ekki væri búið að vinna úr þessu, fyrst hann fór til allra þessara sálfræðinga og geðlækna,“ segir Kristjana. „Ég var reiðust yfir því að honum leid svona illa, af hverju gat eg ekki fengið eitthvað af þessu? Mér finnst þetta óréttlæti.“

Börnum í dag fjölga sem eru að fá kvíðatengdar greiningar og þeim fjölga einnig sem eru að fá fleiri en eina til tvær greiningar. Það er svo margt sem spilar saman og það þarf að fjölga teymisúrræðum fyrir þessi börn. Það er að sjálf-



Brot úr dagbók Valdimars Brynjars:

30. maí 2016 mánudagur

„Þegar mér leið sem verst í dag lá ég uppi í rúmi og hugsaði um að drepa mig, þó ekki svo alvarlega að ég myndi gera eitthvað í því.“

31. maí 2016 þriðjudagur

„Þetta er ekki búinn að vera góður dagur, ég er búinn að upplifa rosaalega mikinn kvíða og auðvitað þunglyndi sem fylgir því.“

2. júní 2016 fimmtudagur

„Furðuleg tilfinning. Ofsaleg vellíðan og þó nokkur vanlíðan bæði á sama tíma. Hrikaleg þreyta og heilmikill þróttur í góðu samlyndi.“

sögðu margt gott í boði, en vantar heildrænni stefnu í þennan mála-flokk eins og svo marga aðra í okkar þjóðfélagi, því miður.

Mér datt til dæmis hug hvort það væri möguleiki að setja upp heilsusumarbúðir/heilsuskóla fyrir börn með kvíðagreiningar, þá eins fljótt og mögulegt er eftir að þau hafa fengið greiningu. Ef kvíðinn er ekki almennilega greindur þá vefur hann bara upp á sig og verður einstaklingnum óskiljanlegur og óbærilegur. Þá held ég að það geti verið ansi erfitt og flókið ferli sem þarf að fara í gang til að hjálpa þeim einstaklingi, og með aðkomu fjölda heilbrigðisstarfsmanna.

Af hverju erum við ekki með svona úrræði, af hverju vantar okk-

ur svona mörg úrræði, af hverju er þetta svona mikið vandamál, af hverju erum við ekki að gera neitt í þessum verkefnum sem okkur er ætlað að leysa af hendi?“ segir Rakel.

Sorgin er persónulegt ferli – Sálin var að springa af sársauka

Fyrst eftir andlát Valdimars kafærðu mæðgurnar sig í vinnu og öðru og fjarlægðust hver aðra. Þær segjast vera að koma saman aftur í dag og leggja áherslu á að sorgarferlið sé persónulegt ferli.

„Á tímabili leið mér þannig að ég var alveg tilbúin að fara með honum, ég fór rosaalega langt niður, ég var komin á þann stað fyrir einu til einu og hálfu ári síðan að ég var einfaldlega búin að

dæma mig úr leik,“ segir Rakel. „Maður má ekki hugsa neikvætt til sín sjálfs, það er búið að taka mig 40 ár að læra það. Eins hrikalegur sársauki og þetta var þá ýlfraði ég eins og úlfur, sálin bara gólaði og ég leyfði því að gerast. Sálin var að springa, þetta eru ekki mannleg hljóð, maður er svo stútfullur af sársauka. Ég mæli með að fólk leyfi sorginni algjörlega að sleppa út,“ segir Rakel.

„Það sem hefur hjálpað mér mest er að ég geri það sem ég vil og mig langar til,“ segir Kristjana. „Eins og núna, ég er að fara til Kostaríku sem au-pair, en allir eru að spyrja mig hvort ég hafi ekki ætlað í skóla,“ bætir hún við, en hún var komin inn í lögreglunám í Háskólanum á Akureyri.

„Það eru svo miklir fordómar varðandi það ef maður fer ekki strax í háskóla. Ég á vini sem hafa ekki klárað framhaldsskóla ennþá, eru að ströggla við þetta, jafnvel með kvíða og þunglyndi, og fá bara að heyra að þeir séu aumingjar. Ég held einmitt að Valdimar hafi liðið svona.“

Svo er annað að detta ekki inn í vorkunnina,“ segir Kristjana, sem segist iðulega fá að heyra að hún sé svo sterk. „Valdimar hefði aldrei viljað að ég lægi grenjandi á sófanum. Ég verð stundum reið þegar fólk er að tala um smávægileg vandamál sem skipta engu máli og eru að vorkenna sér. Um leið og maður dettur í þessa vorkunn þá er maður að hamla batanum.“

Stuðningur samfélagsins mikilvægur – Börn í samfélaginu eru börn samfélagsins

Rakel og yngstu tvær dætur hennar búa í Vogum á Vatnsleysuströnd og segir Rakel að samfélagið hafi hlúð að þeim eftir andlát Valdimars. „Samstarfsmenn mínir og yfirmenn hafa hlúð að mér og sýnt mér mikinn skilning. Að búa í samfélagi þar sem allir taka höndum saman er ómetanleg. Ég á ótrúlega góða vinkonu hér sem fór bara í gírinn og sá um að leita til fólks og félagsamtaka hér í bænum. Stuðningurinn sem ég fékk hér í þessu góða samfélagi er algerlega ómetanlegur og verður ekki metinn til fjár. Þegar Valdimar lést átti ég 3.000 krónur, ég átti ekki fyrir útför Valdimars. Það var ekki á sorgina sem ég upplifði vegna þess bætandi. Ég veit ekki hvar við værum staddar í dag ef þessi stuðningur samfélagsins hefði ekki verið til staðar. Ég hef fengið að læra það að í hverju samfélagi erum við öll ein stór fjölskylda. Við gætum kannski staldrað við og hugað aðeins að náungakærleiknum.“ ■

NOKIA 3.1

DUAL 13 MP MYNDAVÉL
TEKUR 2 SIMKORT
5.2" HD SKJÁR MEÐ
GORILLA GLASS

NOKIA androidone



BLACKBOX

#BLACKBOXPIZZERIA

dk iPos snjalltækjalausn Fyrir verslun og þjónustu Einfalt, fljótlegt og beintengt dk fjárhagsbókhaldi

dk iPos er hluti af snjalltækjalínu dk hugbúnaðar. Líttu við og fáðu kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is



Syndir kirkjunnar:

SÉRA ÞÓRI HAMPAD Þ VIÐURKENNT KYNFER

Þann 13. apríl árið 1981 var séra Þórir Stephensen dómkirkjuprestur í viðtali hjá Jónasi Jónassyni á Ríkis-útvarpinu. Ræddu þeir almennt um trúna og bar Jónas upp spurninguna: Er guð til?

„Ég er ekki í neinum vafa um það,“ sagði séra Þórir. „Það er útilokað að vera prestur ef maður hefur efasemdir um að guð sé til. Það dásamlega við guðstrúna er það að guð er aldrei of upptekinn til að sinna minnsta barni sínu. Samanber orð Krists um að enginn spörfugl falli til jarðar án hans vitundar og hann fylgist með hverju einasta smáatriði í okkar lífi.“

Ef orð Krists eru sönn hefur almættið tekið eftir, þrjátíu árum áður, þegar séra Þórir læddist upp í rúm tíu ára stúlku um miðja nótt og braut á henni á meðan litla systir hennar svaf í næsta rúmi. Og ef svo vill til að þetta smáatriði hafi farið fram hjá guði, þá hlýtur hann að hafa tekið eftir þegar þetta gerðist aftur og aftur og aftur.

Polandinn biður um þetta og biður um hitt og það er orðið við því
– Agnes M. Sigurðardóttir

Í maí síðastliðnum birti Stundin grein þar sem fjallað var um barnaníðingsmál innan Þjóðkirkjunnar, brot sem átti sér stað um miðja síðustu öld og var gert upp á sáttafundi á Biskupsstofu árið 2015, þegar þolandi og gerandi mættust. Gerandinn var ekki nafngreindur en það hefur verið á vitorði margra innan kirkjunnar að þessi maður er séra Þórir Stephensen, fyrrverandi dómkirkjuprestur. Hann gekkst við brotum sínum á fundinum en hefur síðan fengið að koma fram í kirkjulegum athöfnum, predikað og tekið í hendur á mektar- mönnum, íslenskum og erlendum. Þrjú biskupar hafa vitað um málið og kirkjan er í mikilli vörn vegna þeirra mistaka sem gerð hafa verið. DV fjallar nú um syndir kirkjunnar. Þetta mál og önnur sýna vel hvernig kirkjan hefur síendurtekið brugðist skyldu sinni gagnvart skjólstæðingum, sópað undir teppið, falið og neitað að horfast í augu vandamál sem upp koma. Þess í stað er gerendum hampað eins og mál Þóris Stephensen, sýnir glögg. Alvarleg kynferðisbrot Þóris eru ekki aðalatriðið í umfjöllun DV þótt ekki verði hjá því komist að fjalla um þau brot sem hann viðurkenndi á umdeildum sáttafundi. Umfjöllunin varpar ljósi á að kirkjan er enn í dag að bregðast þolendum og neitar að biðjast afsökunar eða læra af mistökum sínum. Þannig hefur kirkjan bæði gert geranda og þolanda í málinu mikinn óleik með því að sópa máli Þóris endurtekið undir teppið og fela prestinum embættisverk á opinberum vettvangi þar sem hann hefur predikað guðs orð í útvarpi allra landsmanna.

„Veistu að ég vil ekki tala um þetta mál. Þetta er svo vitlaust. Þegar um svona mál er að ræða þá á þolandinn alltaf málið. En þarna hreyfir hann sig ekki,“ sagði séra Þórir þegar hann var inntur eftir svörum.

Bjartmar Oddur Peyr Alexanders
Kristinn Haukur Guðnason

bjartmar@dv.is / kristinn@dv.is

Þórir var nemi við guðfræðideild Háskóla Íslands þegar hann kom eins og úlfur í sauðargæru inn á heimili forstjóra eins í vesturbæ Reykjavíkur. Hann var reyndar fæddur og uppalinn í Reykjavík en fékk herbergi til að gista í eftir að stúdentsprófi lauk árið 1951 og stunda þar nám sitt. Unnur Guðjónsdóttir, ættingi þolanda, segir:

„Íbúð foreldra Þóris var svo lítil að umræddur forstjóri bauð honum herbergi í sinni íbúð í sömu götu, sem hann þáði. Hann var þá að byrja í guðfræðideildinni í Háskólanum.“

Annað herbergi á háalofti heimilisins var svefnherbergi tveggja dætra forstjórans, sem þá voru tíu og níu ára gamlar. Herbergið var ílangt og rúm þeirrar eldri var nær hurðinni en hinnar yngri við vegginn fjær. Þolandi

hefur ekki treyst sér til að tjá sig við DV, en fólk náði honum hefur gert það. Maður náinn konunni segir:

„Hún sagði mér hvað gerðist á þessum tíma. Faðir hennar leyfði Þóri að búa hjá sér uppi á háalofti þar sem þær sváfu systurnar. Hann flutti upp á loft og var í herbergi sem var á sama gangi og herbergi systranna. Síðan fór hann að fara inn til hennar og taka hana, misnota hana. Hún var tíu ára og hann hefur verið tvítugur eða þar

um kring. Hann virðist hafa gert þetta þegar systir hennar, sem er ári yngri, var sofnuð. Hún lýsti því þannig.“

Málið var aldrei rannsakað og ekki er nákvæmlega vitað hversu oft Þórir braut á stúlkunni. Maður náinn konunni segir:

„Ég spurði hana hvað hún héldi að þetta hefðu verið mörg skipti og hún sagði sjö eða átta. Hún nefndi þessa tölu og ég tel að þetta hafi jafnvel verið oftar því að

það er vel þekkt að hugurinn loki á sárar minningar. Í síðasta skiptið vaknaði systir hennar, reis upp og sá hvað var að gerast. Þá hysjaði hann upp um sig buxurnar og kom ekki aftur. Svona lýsti hún þessu. Þetta lá enn þungt á henni. Þetta er svo hrikalegur glæpur. Við vorum í sambandi frá árinu 2003 til 2006. Í að minnsta kosti hálfan vetur eða allan gekk hún vikulega til Stígamóta. Þetta hvíldi svo þungt á huga hennar enn þá eftir

Erum flutt í Faxafen 12

LOWE ALPINE BAKPOKI 18L
14.995 kr.



SALOMON XA PRO 3D HERRA SKÓR
19.995 kr.



PROVIDUS PRIMUS
4.995 kr.





ALPARNIR

Faxafen 12
108 Reykjavík

Sími 534 2727
alparnir.is

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

ÞÓRÁTT FYRIR AÐ HAFA ÞÓDISBROT GEGN BARNI



öll þessi ár.“

Eftir þetta síðasta skipti sem Þórir heimsótti rúm stúlkunnar bað hún litlu systur sína að að þegja yfir atvikinu sem hún og gerði. Eftir þetta hætti Þórir að venja komur sínar í barnaherbergið og stúlkan þorði aldrei að segja foreldrum sínum frá hvað gerst hafði.

Unnur segir sömu sögu:

„Þetta skeði í svefnherbergi stúlkanna. Þetta hætti ekki fyrr en að yngri systirin vaknaði og sá ósköpin. Eldri systirin fékk hana svo til að þegja yfir þessu. Það var ekkert talað um þetta en heim-sóknir Þóris í herbergið hættu.“

Viðurkenndi brot sín á sáttafundi

Forstjórinn og kona hans komust aldrei að því sem gerðist og langt er síðan þau féllu bæði frá. Þólandinn sagði engum frá þessu fyrr en á efri árum en á meðan hafði hún séð Þóri Stephensen vígjast til prests og vinna sig upp met-orðastiga kirkjunnar. Fyrst sem landsbyggðarprest og síðan þjónaði hann í sjálfri Dómkirkjunni við Austurvöll þar sem hann var vel þekktur maður í þjóðfélaginu og tók mikinn þátt í þjóðfélags-umræðunni.

Séra Þórir lét af störfum árið 2001 eftir farsælan feril sem prestur en síðan þá hefur hann

predikað og tekið þátt í kirkjulegum athöfnum sem emerítus, sem er tignarstaða innan bæði kirkjunnar og háskóla.

Upp úr aldamótum ræddi konan þetta mál við ættingja og árið 2003 leitaði hún til Stígamóta vegna þess en þá hafði hún þurft að burðast með ómurlegar minningar um ofbeldið ein í yfir hálfu öld. Síðar leitaði hún til kirkjunnar og ræddi þá við sjúkrahússprestinn séra Gunnar Rúnar Matthíasson.

Árið 2010 sendi Unnur Guðjónsdóttir bréf til kirkjunnar og lét vita af athæfi séra Þóris. Séra Skírniir Garðarsson í Lágafellssókn gaf einnig ábendingar til kirkjunnar um málið en þáverandi biskup, Karl Sigurbjörnsson, aðhafðist ekkert. Í bréfi Unnar segir:

„Ég var að hlusta á Gunnar Rúnar Matthíasson í hádegisútvarpinu áðan, þar sem hann uppmanaði fólk að láta vita ef það vissi um kynferðisbrot presta. Hér kemur frásögn um mann, sem ekki var orðinn prestur, þegar brot hans var framið, heldur stundaði prestnám í Háskóla Íslands.“

Maðurinn heitir Þórir Stephensen. Hann vantaði húsnæði hér í Reykjavík, og X bað honum herbergi í sinni íbúð, þar sem hann bjó með fjölskyldu sinni. Þórir þáði boðið. Þennan tíma, sem Þórir naut gestrisni X, nauðgaði

STAFRÆN PRENTUN Á AUGABRAGÐI



- ▶ NAFNSPJÖLD
- ▶ BRÉFSEFNI
- ▶ UMSLÖG
- ▶ BÆKLINGAR
- ▶ PLAKÖT
- ▶ TÆKIFÆRISKORT
- ▶ MATSEÐLAR
- ▶ O.FL O.FL.

 PAPPÍR

S. 565 2217 - pappir@pappir.is - Kaplahraun 20 - 220 Hanarfjörður



hann dóttur hans, Y, margsinnis, en hún var þá barn að aldri.

Ég tek það fram, að Y veit ekki að ég sendi ykkur þetta bréf. Ég er ekki heldur að fara fram á að þið gerið eitthvað í málinu, en mér finnst samt að þið getið fengið þessa vitneskju, hún getur orðið hluti af mynd þeirri, sem nú er að koma í ljós hvað viðkemur starfsmönnum kirkjunnar.

*Virðingarfyllst,
Unnur Guðjónsdóttir*

Málið var tekið fyrir hjá fagráði kirkjunnar en Gunnar Rúnar

Matthíasson var þá formaður þess. Agnes Sigurðardóttir var látin vita af málinu og var sáttafundi komið á milli séra Þóris og þolanda árið 2015. Fundinn sátu einnig frú Agnes, séra Gunnar Rúnar og tveir synir konunnar. Þar viðurkenndi séra Þórir brot sín og baðst afsökunar á því að hafa misnotað konuna.

Annar sonur konunnar sagði við DV:

„Í raun og veru er þetta pakki sem við tókum með mömmu og höfum verið að vinna í nokkur ár

með henni. Við tókum að lokum þá ákvörðun að þetta væri ekki barátta sem gerði henni gott. Þetta hefur verið mjög erfitt fyrir hana. Við ákváðum að þetta yrði eitthvað fyrir almættið að útkljá.“

Um séra Þóri sagði hann:

„Ég ætla ekki að dæma hann. Ég vona hreinlega að hann fái í sínu lífi eða dauðaferli að mæta einhverju.“

Málið bull og vitleysa að mati Þóris

Séra Þórir var ekki fús til að ræða

efnislega um málið þegar blaðamaður hafði samband við hann og sagðist hann vera á leið í sjúkraheimsókn.

„Ég hef akkúrat ekkert um þetta að segja,“ sagði hann.

DV spurði séra Þóri út í umfjöllun Stundarinnar um málið en í henni var séra Þórir ekki nafngreindur.

„Það sér það hver og einn, sérstaklega ef þú ert menntaður blaðamaður, að þetta er ekki blaðamennska.“

Hvernig fannst þér þeir hafa

tekið á málinu?

„Veistu að ég vil ekki tala um þetta mál. Þetta er svo vitlaust. Þegar um svona mál er að ræða þá á þolandinn alltaf málið. En þarna hreyfir hann sig ekki.“

Um hvort umfjöllunin hafi verið einhliða segir hann:

„Að sjálfsögðu. Stundin er nú enginn ... jæja, ég ætla ekki að segja neitt. Þetta mál er löngu afgreitt. Ef þið farið að fjalla um þetta þá heldur bullið áfram. Ég vil helst ekki þurfa að skella á þig en ég vil ekki ræða þetta mál. Vertu blessaður.“

Eftir þetta skellti séra Þórir á blaðamann.

Fékk kristilegt uppeldi

Þórir Stephensen er fæddur árið 1931 í Reykjavík, sonur hjónanna Ólafs Stephensen og Þóru Daníelsdóttur Stephensen. Hann ólst upp á kristilegu heimili og foreldrar hans kenndu honum og bróður hans að biðja bænir og ræddu við þá um trúmál. Í grein Morgunblaðsins í tilefni af fimmtugsafmæli Þóris árið 1981 skrifar samstarfsmaður hans, séra Hjalti Guðmundsson:

„Þau lögðu ríka áherslu á að glæða ábyrgðartilfinningu með sonum sínum, svo að þeir yrðu ábyrgir og traustir þegar þessarar þjóðar. Þeim var bent á að þessi orð sálmsins: Ver dyggur, ver sannur, því Drottinn þig sér, haf daglega Jesúm í verki með þér“ og enn fremur þessi þekktu orð: „Gjör rétt, þol eigi órét.““

Híð kristilega uppeldi og sú staðreynd að Þórir var kominn af prestaættum hefur vafalaust haft sitt að segja um að hann ákvað að leggja starfið fyrir sig og þá ákvörðun tók hann sem barn. Hann gekk í Miðbæjarskólann og Menntaskólann í Reykjavík þar sem hann útskrifaðist árið 1951 og þá var hann búinn að ákveða að fara í guðfræðideild Háskólans. Skömmu eftir útskrift, þegar



Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía



LION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili
JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tíslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



hann var nemi í Háskólanum, braut hann kynferðislega á tíu ára stúlkunni eins og hann hefur sjálfur viðurkennt.

Frami og skilningsrík fjölskylda

Árið 1953 fór hann til starfa að Völlum í Svarfaðardal og þar kynntist hann verðandi eiginkonu sinni, Dagbjörtu Gunnlaugsdóttur, og þetta haust voru þau trúlofuð. Um áramótin lauk hann námi og vígð-

ist sem prestur á Saurbæ í Dölum sumarið eftir, þá aðeins 22 ára gamall. Í ellefu ár, frá 1960 til 1971, starfaði hann sem prestur á Sauðárkróki og svo lá leiðin í Dómkirkjuna sem aðstoðarprestur séra Jóns Auðuns. Árið 1973 var hann skipaður prestur við þá kirkju og gegndi hann þeirri stöðu til ársins 1989 og varð vel þekktur maður í þjóðfélaginu.

Árið 1981 tók útvarpsmaðurinn

Jónas Jónasson viðtal við séra Þóri í tilefni af fimmtugsafmæli hans. Aðspurður um fjölskyldulífið og daglegt amstur sagðist hann hafa lítinn tíma fyrir áhugamál og að vinnan væri mikil:

„Starfsdagurinn endist aldrei. Í önnunum gleymist Þórir sjálfur. Ég bý við gott fjölskyldulíf og á konu minni það að þakka. Ég er oft lítið heima en konan og börnin eru skilningsrík vegna starfs-

ins. Sonur minn sagði eitt sinn um þetta: Hann er þó alltaf að hjálpa öðrum.“

„Ófyrirgefnalegt skemmdarverk“ í Viðey

Eftir að séra Þórir lét af störfum í Dómkirkjunni varð hann staðarhaldari í Viðey en skömmu eftir að hann tók við þeirri stöðu komst hann í deiglu fjölmiðla. Kennarinn Hallur Magnússon skrifaði grein í Tímán þess efnis að sléttun kirkjugarðsins í eygni væri bæði óþjóðleg og að ekki hefði verið haft samráð við ættingja þeirra sem þar liggja. Viðurkenndi Hallur að hann skrifaði greinina í „heilagri reiði“ en ástæðan væri sú að hann teldi verknaðinn vera „ófyrirgefnalegt skemmdarverk.“

Í kjölfarið af birtingu greinarnar höfðaði séra Þórir mál gegn Halli og Tímanum fyrir birtinguna og taldi þar vera ærumeidandi ummæli, meðal annars um að Þórir hefði ráðið sjálfan sig í stöðu staðarhaldara, að athæfi hans væri ekki kristilegt hvað varðar meðferð kirkjugarðsins og að pólitískar skoðanir og ráðríki kæmi ætíð á undan kristilegum náungakærleik. Mál séra Þóris og Halls fór hátt í fjölmiðlum og var Hallur loks dæmdur sekur af Hæstarétti árið 1992 og gert að greiða 150 þúsund krónur til séra Þóris.

Árið 2001 settist Þórir í helgan stein en hefur síðan umbeðinn tekið þátt í athöfnum kirkjunnar, meðal annars á uppstigningardag á þessu ári þegar hann predikaði í Breiðholtskirkju og var þeirri predikun útvarpað svo þolandir eða ættingjar gátu allt eins heyrt.

Skammaði þingmenn af stól

Þórir var snemma pólitískur og aðeins sextán ára gamall, árið 1947, var hann orðinn flokksbundinn Sjálfstæðismaður. Hann talaði máli flokksins og var oft fenginn sem álitsgjafi í fjölmiðlum. Fyrir borgarstjórnarkosningarnar árið 1990 var séra Þórir í framboði en var neðarlega á lista og náði ekki kjöri. Í störfum sínum sem dómkirkjuprestur hafði hann það hlutverk að taka á móti þingmönnum fyrir þingsetningu og messa yfir þeim. Hann kunni því ekki illa að vera í þeirri stöðu og geta óbeint haft áhrif á þjóðmálin. Í viðtalinu frá 1981 sagði hann:

„Ég er nú ekki alltaf ánægður með þá og skamma þá stundum af stól við þingsetningarmessu.“

Eftir 62 ár sagði séra Þórir sig úr Sjálfstæðisflokknum árið 2009 út af Evrópumálum en hann hefur síðan tekið virkan þátt í þjóðmálaumræðunni með pistlum í Fréttablaðinu.

Vinskapurinn við Ólaf Skúlason

Í kirkjuritinu frá því í apríl árið 1953 er greint frá því að bræðralagsmenn hafi farið í skóla á landsbyggðinni, á Akranesi, Borgarnesi, undir Eyjafjöllum og víðar, til að flytja erindi og predikanir. Fyrir þessum ferðum stóðu Sigurgeir Sigurðsson biskup og séra Guðmundur Sveinsson á Hvanneyri. Með þeim í för voru fjórir guðfræðinemar. Einn af þeim var Ólafur Skúlason, seinna biskup, sem sakaður var um barnaníð og kynferðislega áreitni gegn fjölda kvenna um áratuga skeið. Annar var Þórir Stephensen, sem hafði brotið á stúlkunni um þetta leyti. Um skólaheimsóknirnar segir í ritinu:

„Viðtökur voru hvarvetna hinar beztu og óskað eftir slíkum heimsóknum sem oftast.“

Samband Ólafs og Þóris var gott og slitnaði vinátta þeirra ekki eftir að Ólafur, þá orðinn bisk-

up, var sakaður um kynferðislega áreitni árið 1996. Í frétt morgunblaðsins segir:

„Séra Þórir Stephensen segir herra Ólaf njóta trausts og hafa staðið sig vel, allt frá því að hann kom heim frá Bandaríkjunum með ferskar hugmyndir um æskulýðsstarf. Hann hafi mótað starf æskulýðsfulltrúa og tendrað áhuga margra til æskulýðsstarfs í söfnuðunum.“

Spaugstofan kærð fyrir guðlast

Árið 1997, hið síðasta í tíð Ólafs Skúlasonar biskups, kom upp hið svokallaða Spaugstofumál og gegndi séra Þórir þá miklu hlutverki. Um páskana það ár var gert góðlátlegt gys að síðustu kvöldmáltíðinni í þætti Spaugstofumanna, Enn ein stöðin. Prestar urðu móðgaðir og héldu stólræður um hvílkýtt guðlast Spaugstofumenn hefðu framið. Við Morgunblaðið sagði séra Ólafur:

„Þetta var hvorki fyndið né viðeigandi, og allra síst á þessum tíma, laugardag fyrir páska, að gera gys að kvöldmáltíðinni, þegar vitað er að fermingarbörn eru að horfa.“

Skrifaði hann kvörtunarbréf til Ríkisútvarpsins vegna þessa og ekki nóg með það heldur var bréfið einnig sent inn til Ríkissaksóknara sem kærði Spaugstofumenn fyrir guðlast í kjölfarið. Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari og séra Þórir voru góðir vinir þar til Hallvarður lést árið 2016 og stúkubræður í frímúrara-reglunni Mími í Reykjavík. Tengsl þessi urðu að miklu umtalsefni þegar Ríkissaksóknari birti ákæru á hendur Tímanum eftir umfjöllun um kirkjugarðinn í Viðey eins og áður hefur verið nefnt.

Ólafur ræddi við Þóri um Spaugstofuþáttinn eftir messu á páskadagsmorgun og í kjölfarið ræddi Þórir um þáttinn við Hallvarð í heitum potti á annan í páska. Málið fór frá Ríkissaksóknara til rannsóknarlögreglunnar og voru Spaugstofumenn yfirheyrdir vegna þess. Þann 14. ágúst árið 1997, eftir að rannsókn málsins var lokið, var ákveðið að láta kærana niður falla.

Tók upp hansann fyrir séra Gunnar

Árið 2008 kom upp mál séra Gunnars Björnssonar, sóknarprests í Selfosskirkju, þar sem ungar stúlkur sökuðu hann um kynferðislega áreitni. Sögðu þær hann hafa snert sig á óþægilegan hátt, faðmað og strokið um mjóbak, sagst vera skotinn í annarri þeirra og fleira í þeim dúr. Gunnar fór í tímabundið leyfi meðan á rannsókn málsins stóð en hélt áfram að sinna kirkjulegum athöfnum.

Málið endaði fyrir dómi en séra Gunnar var loks sýknaður af Hæstarétti í mars árið 2009 þrátt fyrir að það hafi verið talið sannan að hann hefði kysst þær, strokið og leitað sér huggunar hjá þeim þegar þær voru barnungar.

Þrátt fyrir sýknuna vildi sóknarnefnd Selfosssóknar ekki taka við honum aftur og var biskupi falið að leysa málið en séra Gunnar vildi fá brauð sitt aftur. Var þá rætt um að „leysa“ málið með því að færa hann til í starfi en þá stígu tíu prestar fram og mót-mæltu þeim áformum.

Séra Þórir Stephensen var einn þeirra tíu presta sem stígu fram og sendu biskupi bréf þess efnis að hættulegt fordæmi gæti skapast ef séra Gunnar yrði færður til í starfi. Einnig að þeir sem hafi úrskurðað um siðferðisbrot hans hafi engar heimildir til þess. ■



GRUNDFOS

Straumhvörf í neyðvatnsdælum



Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýstingi og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeyrsluvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Draghális 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is

ÍSLEIFUR
JÓNSSON

Svíf þú inn í svefninn ...í rúmi frá okkur!



Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!
...við erum með þetta allt og meira til!



Við vorum að taka upp nýja
sendingu af ilmstrám og
ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað



PEYSA
2.490 kr.

next
KRINGLUNNI
S: 556 1200

prima

Gefur þetta
EXTRA
Frábært á
kjúklingin

prima
Kjúklingakrydd

S. 452 4272 - vilko@vilko.is - Húnabraut 33 - 540 Blönduósi

Eins og kom fram fyrir greininni var Þórir með predikun á uppstigningardag í Breiðholti kirkju og var þeirri messu útvarpað á Rás 1. Í predikun sinni talaði Þórir um gullnu regluna úr fjallræðunni og mikilvægi hennar. „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skulið þér og þeim gjöra,“ sagði Þórir. Hann talaði einnig mikið um ábyrgð kristins manns ásamt því að segja: „En hvar er kirkjan? Þú ert kirkjan. Ég er kirkjan. Hún er samfélag allra sem þrá fegurra líf í heimi er lítur á gullnu regluna sem meginþátt mennskunnar.“

DV hafði samband við séra Magnús Björn Björnsson, sóknarprest í Breiðholti kirkju, til að spyrja hver hefði ákveðið að Þórir predikaði á uppstigningardag, sem yrði svo útvarpað í útvarpi allra landsmanna. „Það kom þannig til að Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar sér um þá messu ár hvert. Á hverju ári eru eldri prestar fengnir til að predika. Þetta árið var ákveðið að fá Þóri Stephensen. Nefndin kom að máli við Þóri Stephensen og hann brást vel við því boði.“ Séra Magnús Björn Björnsson er formaður nefndarinnar og í henni situr meðal annars Ragnheiður Sverrisdóttir djákni, fulltrúi á kærleikspjónustusviði Biskupsstofu.

Aðspurður hver hafi átt hugmyndina um að Þórir yrði með predikun þetta árið, segir Björn: „Er það ... bíddu ... Skiptir það máli? Það hafa margir prestar í gegnum tíðina predikað og hann er bara einn af mörgum prestum sem eru ernir og flottir. Hann kom bara upp í umræðunni á fundinum.“

Aðspurður hvort hann hafi vitað af brotum Þóris þegar hann bauð honum að predika, sagði Magnús: „Nei, ég vissi það ekki.“

Við fengum ekkert að vita um þetta og gátum ekki á neinn hátt brugðist við þessum málum þegar hann samþykkti beiðni okkar,“ sagði Magnús.

„Ég vissi þetta ekki og nefndarmenn vissu þetta ekki. Ég hafði ekkert í höndunum og get ekki brugðist við. Við vorum ekki látin vita. Hefðum við vitað þetta hefðum við brugðist allt öðruvísi við,“

sagði séra Magnús Björn.

„Hvað eru eru mörg ár síðan þetta gerðist?“ spyr Magnús Björn. Blaðamaður gat ekki haldið aftur á sér og segir: „Með fullri virðingu skiptir það einhverju máli hve langt er síðan hann braut á tíu ára gamalli stelpu?“ Séra Magnúsi Birni var augljóslega brugðist við spurningu blaðamanns og skipti um umræðuefni.

Innan Þjóðkirkjunnar er starfandi fagråd um meðferð kynferðisbrota og á heimasíðu kirkjunnar segir: „Ef þú vilt leggja fram kvörtun vegna kynferðisbrots/áreitni af hálfu starfsmanns Þjóðkirkjunnar skaltu setja þig í samband við fulltrúa í fagráði um meðferð kynferðisbrota innan íslensku Þjóðkirkjunnar. Fagråd virkjar talsmann sem á fund með þér (meintum þólanda) og leiðbeinir um framhald mála í samvinnu við fagråd. Ef mál varðar barn skal því tafarlaust vísað til barnaverndarnefndar og biskupi gert kunnugt um málið.“

DV hafði samband við formann fagráðs um meðferð kynferðisbrota innan Þjóðkirkjunnar en hann gat ekki tjáð sig vegna persónulegra mála sem voru í gangi hjá honum og benti blaðamanni á að hafa samband við Gunnar Rúnar Mattíasson, fyrrverandi formann nefndarinnar. DV hafði þá samband við Gunnar en hann sagðist því miður ekki getað tjáð sig um málið þar sem hann væri ekki starfandi formaður lengur. DV reyndi þá að ná sambandi við Höllu Bachman Ólafsdóttur, nefndarmann fagráðs, á vinnustað hennar en var tjáð að hún vildi ekki ræða við DV.

DV hefur unnið að þessu í langan tíma og hafa margir innan kirkjunnar verið hræddir við að tjá sig um það ákveðna mál sem tengist brotum Þóris og stöðu hans innan kirkjunnar. Samkvæmt heimildum DV eru margir innan Þjóðkirkjunnar ósáttir við úrvinnslu biskups og hafa margir sagt að það væri mögulega kominn tími til að skipta um biskup hjá Þjóðkirkjunni. ■



Blaðamaður var viðstaddur vígsluathöfn séra Kristjáns Björnssonar til embættis vígslubiskups í Skálholti. Kirkjan var þétt setin og stóð fólk um alla kirkjuna ásamt því að sitja á gólfum hennar. Þegar ég kom mér fyrir með hinum fjölmörgum mönnum sá ég Þóri Stephensen sitjandi á fremsta bekk vinstra megin í kirkjunni. Þarna voru bæði ungrir og aldnir prestar. Mér þótti afskaplega furðulegt að horfa á manninn, sitjandi þrúðubínn með fyrrverandi starfsbræðrum sínum, vitandi að hann hefði ítrekað misnotað 10 ára gamla stúlku. Í kirkjunni voru þjóðþekktir einstaklingar eins og fyrrverandi stjórnmálamaður og aðrir opinberir starfsmenn.

heilsaði öllum. Þegar Þórir Stephensen kom að henni tók hann utan um hana og kyssti hana á kinn. Fleiri komu út úr kirkjunni og rakst Þórir á fólk, hann hitti og ræddi við Ólaf Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseta, Sigríði Andersen dómsmálaráðherra og Pétur Kr. Hafstein, fyrrverandi hæstaréttardómara og forsetaframbjóðanda. Alltaf tók fólk þétt í hönd hans og heilsaði honum með brosi og jafnvel hlátri. Á þessum tímamarki hugsaði ég með mér: „Hvernig myndi fólk héra inni bregðast við ef Steingrímur Njálsson sæti þarna? Myndi allt þetta valdamikla fólk taka í höndina á honum og brosa blíðlega til hans? Ef fólk hefði vitað af broti Þóris, hefðu viðbrögð þeirra mögulega verið öðruvísi?“

Eftir athöfnina mjakaði fólk sér hægt og rólega út. Biskup stóð í dyrageatinni og

VANTAR ÞIG SKÓLATÖLVU?

acer

INTEL i3 OG 256GB SSD

6GB VINNSLUMINNI

ACE-NXGNPED036

15,6" FULL HD FARTÖLVA MEÐ
INTEL i3 OG HRAÐVIRKUM
256GB SSD DISKI Á AÐEINS 79.995

15,6" FULL HD

- INTEL i3
- INTEL HD 620
- 6GB MINNI
- 256GB SSD



79.995



acer

INTEL OPTANE OG i7 HRAÐI

OPTANE OG 2TB DISKUR

ACE-NXHTMED004

8. KYNSLÓÐAR INTEL i7 ÖRGJÖRVI
OG NÝ OPTANE MINNISTÆKNI HÖNNUÐ
FYRIR HRAÐA OG MIKIÐ GEYMSLUPLASS

15,6" IPS

- INTEL® CORE i7
- INTEL UHD 620
- 8GB INTEL OPTANE
- 2TB HARÐUR DISKUR

159.995



ASUS

i5 VIVOBOK MEÐ TVEIMUR DISKUM

128GB SSD OG 1TB HDD

ASU-X510UAEJ743T

HRADI OG GLÆSILEIKI EINKENNIR
ÞESSA VIVOBOK MEÐ INTEL i5, 8GB
MINNI OG TVEIMUR DISKUM

15,6" FULL HD

- INTEL i5
- INTEL UHD 620
- 8GB MINNI
- 128GB SSD + 1 TB HDD

119.995

acer

NITRO 5 MEÐ 144HZ SKJÁ

6GB GTX1060 LEIKJASKJÁKORT

ACE-NH03XED021

ALVÖRU 144HZ LEIKJASKJÁR GETUR GERT
GÆFUMUNINN. NITRO 5 KEMUR MEÐ
KRAFTMIKLUM ÖRGJÖRVA OG HÁGÆÐA GTX1060.

15,6" 144HZ IPS

- INTEL CORE i5
- GTX 1060
- 8GB MINNI
- 256GB PCIE SSD



189.995



ASUS

i7 KRAFTUR OG NANOEDGE

STÓR 512GB SSD

ASU-S410UAE300T

KRAFTUR OG FEGURD EINKENNIR ÞESSA
STÍLHREINU OG ÖFLUGU INTEL i7 FARTÖLVU
MEÐ ÖRPUNNUM NANOEDGE SKJÁRAMMA.

14" NANOEDGE

- 8. KYNSLÓÐ INTEL i7
- INTEL UHD 620
- 8GB MINNI
- 512 SSD

169.995

STÓRI FARTÖLVUBÆKLINGURINN ER KOMINN Á TL.IS

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK
SUDURLANDSBRÁUT 26

AKUREYRI
GLERÁRTORG

HÚSAVÍK
GARDARSBRÁUT 18A

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6

REYKJANESBÆR
HAFNARGÖTU 90

SELFOSS
AUSTURVEGI 34

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1

Svandís Svavarsdóttir um geðheilbrigðis- og læknadópsvandann:



„Tilteknir læknar sem ávísa mjög mikið“

■ Ekki nóg að dæla peningum í Landspítalann ■ Úrræði illa auglýst
■ 40 sálfræðingar á aðgerðaráætlun

Kristinn Haukur Guðnason
Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson
bjartmar@dv.is / kristinn@dv.is

Geðheilbrigðismálin hafa verið deiglu undanfarið ár og í sumar hefur DV flutt fréttir af sorglegum fráfallum fólks sem glímt hefur við andleg veikindi og fíkn. Svandís Svavarsdóttir er þriðji heilbrigðisráðherrann sem ætlar að hrinda af stað stórsókn í málaflokknum en enn sem komið er hefur lítið breyst, sumarlokanir á geðdeildum og mikil undirmönnun. Svandís ræddi við DV um stöðu geðheilbrigðismála á Íslandi í dag og hvernig stjórnvöld eru að bregðast við þessum mikla vanda sem upp er kominn.

Vantar hjúkrunarfræðinga á sumrin

Sumrin eru erfiður tími fyrir þunglynt fólk, einn sá erfiðasti fyrir utan skammdegistímamann í kringum jólahátíðina. Á sumrin finnst þunglyndum þeir eiga að finna fyrir gleði en gera það hins vegar ekki og fyllast þá örvæntingu. Engu að síður hafa bæði forsvarsmenn geðdeilda og meðferðarstofnana tekið upp á því að loka tímabundið yfir sumrin og það hefur haft banvænar afleiðingar, líkt og dæmin sýna. Svandís segir um sumarlokanir á geðdeildum:

„Þessar ákvarðanir koma ekki beint inn á mitt borð. Í raun er það forstjóri og yfirstjórn Landspítalans sem tekur ákvörðun um

hvernig þessu er háttað yfir sumarið. Ég hef óskað eftir upplýsingum um þetta frá forstjóra af því að ef þetta snýst um fjárskort lýtur það að mér. En mér hefur verið tjáð að svo sé ekki, það vantar ekki peninga til að halda deildum opnum heldur snýst þetta um mönnun, sérstaklega hjúkrunarfræðinga. Það er hins vegar Landspítalans að ákveða hvernig málum er hnikað á milli deilda og honum ber að tryggja að grundvallarþjónustan sé tryggð eins og hægt er samkvæmt faglegu mati.“

Um eitt þúsund menntaðir hjúkrunarfræðingar eru ekki starfandi sem slíkir á meðan forsvarsmenn Landspítalans hafa sagt að það vanti um fimm hund-

En ég sjálf hef miklar áhyggjur af því hvað ungu fólki líður illa á Íslandi. Þetta var ekki svona áður fyrr. Við vorum hamingjusamasta þjóð heims og börðum okkur á brjóst fyrir það. Hver ástæðan er get ég ekki svarað, þetta eru ábyggilega margir og samhangandi þættir sem valda vonleysi hjá mörgum. Það getur svo leitt til framtaksleysis og kvíða og að lokum þunglyndis.

ruð til að uppfylla kröfur um þjónustu og öryggi sjúklunga. Hjúkrunarfræðingar sjálfir segja launin helstu fyrirstöðuna og er þá ekki

lausnin að hækka við þá launin? „Ég sem ekki við hjúkrunarfræðinga og set ekki inn nýja peninga inn í samninga við þá til ▶

BOLTINN Í BEINNI Á CASTELLO

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR

SÍMI 577 3333
WWW.CASTELLO.IS






Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is

Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús • sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp

- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.
Einnig hægt að hringa í sími 789 3010



Normx ehf. hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²



Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökklá


Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is



Karólína gagnrýndi ungar mæður



„Þótt þú getir búið til barn þá þýðir það ekki að þú getir endilega séð um það“

■ Vill að ungar konur láti skólann ganga fyrir ■ Er ekki að hvetja til fóstureyðinga

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Það er mjög sorglegt að sjá hvað það eru margar ungar stelpur sem eignast börn án þess að vera í nokkurri aðstöðu til þess. Ungar konur sem eignast börn, hversu líklegar eru þær til dæmis til að útskrifast með stúdentspróf eða með háskólagráðu?

Þetta sagði Karólína Hrönn Hilmarsdóttir þegar hún steig fram í viðtali fyrir þremur árum og hvatti ungar stúlkur til þess

að bíða með barneignir. Ráðlagði hún ungum stúlkum að forgangsraða, byrja á því að ljúka menntun og tryggja fjárhagslega afkomu áður en barn yrði búið velkomið í heiminn.

Í kjölfar viðtalsins varð mikil fjáðrafok. Karólína, sem er barnlaus, var harðlega gagnrýnd og varð fyrir reiðiöldu. Ungar mæður gagnrýndu hana opinberlega og varð Karólína fyrir miklu áreiti. Karólína uppskar þó líka jákvæð viðbrögð og þá helst frá eldri mæðrum en þó líka frá einstaka ungum mæðrum sem

viðurkenndu að hún hefði rétt fyrir sér.

Skoðun Karólínu hefur ekkert breyst síðan og í hinu eldfima viðtali sagði hún meðal annars: „Við búum í landi þar sem það er mjög auðvelt að mennta sig. Það tel ég vera mikil forréttindi. Að nýta sér það og geta verið barnlaus á meðan finnst mér bara vera hið besta mál. Hins vegar vil ég benda stelpum á að á meðan það er frábært að geta fætt barn og verið móðir þá getur þú veitt barninu svo margfalt betra líf ef þú bara bíður aðeins, menntar

þig og kemur undir þig fótunum.“

Skiptir ekki um skoðun þrátt fyrir að á móti blási

„Ég stend algjörlega staðföst á því að skoðun mín sé réttþrátt fyrir mikla gagnrýni á sínum tíma,“ segir Karólína aðspurð hvort gagnrýnin hefði haft djúpstæð áhrif á hana á sínum tíma. Bætir Karólína við að hún hafi með árunum orðið enn sannfærðari um að skoðun hennar væri sú eina rétta. Hún segir að hún hafi frá unga aldri tamið sér að standa á sínu.

„Það eru heldur ekki allir færir um að vera foreldrar“

„Í sannleika sagt er svolítið hræðilegt að koma berskjölduð fram á opinberan vettvang með sitt lífsviðhorf og fá síðan allan

Svo þurfa þær að lifa á atvinnuleysisbótum og leita ár hvert til Mæðrastyrksnefndar

regnbogann af móttökum, bæði góðar og slæmar. Það verður þó alltaf til fólk með sært egó sem vill níðast persónulega á manni, því miður,” útskýrir Karólína.

Karólína, sem er 26 ára gömul og starfar sem sjúkraliði í heimahjúkrun, á sjálf ekki barn í dag. Hún segist þó ekki útiloka möguleikann á barneignum í framtíðinni. Í hinu fræga viðtali sagði Karólína einnig að hún hefði orðið vör við að ungar stúlkur hefðu óraunhæfa glansmynd af móðurhlutverkinu.

„Mér finnst oft eins og stelpur sjái það bara fyrir sér að verða ung og kúl og hipp mamma sem lífið blasir við en ég held að þær sjái ekki alltaf alla myndina, og það held ég að sé að miklu leyti fjölmiðlum og bíómyndum að kenna. Það er oft eins og þessar stelpur sjái bara glansmyndina en það er ekki talað um allt strögglið sem fylgir og allt það leiðinlega sem fylgir móðurhlutverkinu.“

Vill ekki þurfa að reida sig á barnabætur í framtíðinni

Blaðakona veltir því fyrir sér af hverju ung, barnlaus kona hafi ákveðið að tjá sig opinberlega um slíkt málefni vitandi að samfélagsmiðlar gætu logað í kjölfarið.

„Ég hafði velt þessu fyrir mér frá því ég var táningur og fylgdist með samnemendum mínum eignast börn frekar ungrir. Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á þverfræðilegu greininni sem mannfræðin er og atferlisfræðin sem býr þar að baki. Það sem kom þessu af stað var þegar ég sá fréttatíma þar sem ungar mæður stígu fram, ósáttar við barnabætur minnir mig. Þá hugsaði ég bara: „Til hvers að reida sig á það?“ segir Karólína og heldur áfram:

„Mig langar ekki að vera móðir í framtíðinni og pirra mig yfir því hvað barnabætur séu lágur. Frekar vil ég hafa góðar stöðugar tekjur til að bæði framfleyta mér og mínu barni ef ég kys að eignast barn í framtíðinni. Ég veit að ég er líklega ósanngjörn að setja þetta upp á svo einfaldan hátt því ég veit að það hafa ekki allir jafn sterkan félagslegan og fjárhagslegan bakgrunn, en þó að Ísland í dag sé að dragast aftur úr hinum Norðurlöndunum hvað varðar lífsgæði þá er nánast ekkert sem getur stöðvað fólk í að styrkja þessa eiginleika og skapa góða framtíð fyrir sig og sína.“

Karólína tekur fram og leggur mikla áherslu á að hún sé ekki að hvetja stúlkur til að fara í fóstureyðingu. „Slysin verða og ég geri mér fulla grein fyrir því. Málið er að átta sig á aðstæðum, beita forvörnum og gera það besta sem maður getur úr því sem maður hefur.“

Umræðan um barneignir mjög eldfim

Karólínu fannst áhugavert þegar hún fyrst tjáði sig um barneignir hver viðbrögðin voru. Kveðst hún viss um að fleiri séu á þessari skoðun en ekki allir þori að stíga

fram og tjá hana á opinberum vettvangi, enda málefnið afar eldfimt. Algengasta athugasemdin að sögn Karólínu var að hún ætti ekki barn og því gæti hún ekki vitað um hvað hún væri að tala og ætti vart rétt á að tjá sig með þessum hætti. Segir Karólína fráleitt að halda slíku fram.

„Viðbrögðin voru gríðarleg og margir sem tjáðu sig um þetta. Viðbrögðin sem ég fékk voru allt frá því að vera rosalega jákvæð og út í að ég væri heimsk og vissi ekkert hvað ég væri að tala um, því ég á jú ekki börn. Þá fór þetta út í virkilega lágkúrulegt tal um persónulegt líf mitt, sem kom þessu ekkert við,“ segir Karólína. „Auðvitað stingur það þegar einhver segir við mann að maður þekki ekki sanna ást fyrr en maður eignast barn eða þegar fólk segi að maður viti ekkert um málefnið, þegar maður kemur nákvæmlega úr þeim aðstæðum sem ég einmitt tala um í þessu viðtali.“

Lítið af uppbyggilegri gagnrýni

Karólína er alin upp hjá ömmu sinni. Hún fékk gott uppeldi en hvorki móðir hennar né faðir voru fær um að ala hana upp á þessum árum. Hún segir þau þó hafa gert sitt besta. „Ég elska þau fáránlega mikið og er stolt af þeim.“

Aðspurð hvað henni finnst um þá gagnrýni sem hún fékk svarar Karólína: „Ég tek allri gagnrýni með opnum huga svo framarlega sem hún er sett fram með rökum. Í sannleika sagt fannst mér lítið af henni uppbyggjandi, þá sérstaklega frá þeim ungu mæðrum sem létu hæst í sér heyra, sem er auðvitað frekar dapurlegt. Eins og máltækið segir; bylur hæst í tómrí tunnu.“

Karólína vissi innst inni að ef hún myndi opna sig um stöðu ungra foreldra yrði hún hardlega gagnrýnd. Þrátt fyrir það ákvað hún að láta slag standa því hún taldi mikilvægt að eiga samtal um stöðu ungra foreldra og þá í ljósi þess að sýnt hafi verið fram á að ungar og ómenntaðar konur sem eignast börn séu líklegri til þess að verða þunglyndar og finna fyrir kvíða í kjölfar barneigna.

„Það getur oft haft í för með sér neikvæð áhrif á foreldrahæfni þeirra. Þær eru ólíklegri til að ljúka menntun, líklegar til að þiggja meiri aðstoð frá ríkinu, búa jafnvel við lakari skilyrði sökum fjárhagslegs óöryggis og svo er sagan líkleg til að endurtaka sig, að þeirra barn verði ungt foreldri vegna þess að félagslegur bakgrunnur þeirra er ekki nægilega sterkur og stöðugur. Mig langar hins vegar að benda á að þó að ótal rannsóknir hafa verið gerðar í sambandi við bága stéttarstöðu, fátækt og að eignast barn ungur, sé það ekki staðreynd að börn þeirra sem búa við þessi lífsskilyrði séu dæmd til þess að feta í sömu fótspor – alls ekki, það eru vissulega til undantekningar, svo sannarlega, og það er frábært, ég fagna því! Málið hins vegar er hvort þú viljir vera í þeirri litlu prósentu þar sem allt fer á besta veg og að þú verðir heppin og komist úr þeirri krísu sem vill skapast þegar ungt fólk verður foreldrar.“

Menntun – meiri tekjur – stöðugleiki – svo jafnvel barn

Þrátt fyrir mikið af neikvæðum viðbrögðum í kjölfar viðtalsins segist Karólína einnig hafa fengið jákvæð og uppbyggileg svör.

„Það áhugaverða við það er að ég fékk aðallega jákvæð viðbrögð frá eldri og reyndari konum sem viðurkenndu að hafa viljað vera

jafnvel aðeins eldri þegar þær eignuðust börn þar sem það hefði gert þeim lífið mikið auðveldara,“ segir Karólína og bætir við: „Ég fékk einnig hrós frá ungu stelpum sem sögðu við mig að þær væru sammála.“ Karólína bætir við að þær hafi þó ekki þorað að segja slíkt opinberlega af ótta við að þær yrðu skotnar í kaf af öðrum ungu mæðrum.

Karólína sagði í viðtalinu eldfima að mikilvægt væri að mennta sig og fer ekki ofan af því. Sagði hún sorglegt að verða vitni að því að ungar mæður lentu í fátækragildru sökum þess að þær fengju ekki tækifæri til að mennta sig. „Svo þurfa þær að lifa á atvinnuleysisbótum og leita ár hvert til Mæðrastyrksnefndar. Auðvitað

eru til konur sem ná að klára langskólanám og eru með nokkur börn á framfæri. En það er einfaldlega þannig að hlutirnir flækjast mikið þegar þú ert komin með barn. Það eru heldur ekki allir færir um að vera foreldrar. Þótt þú getir búið til barn þá þýðir það ekki að þú getir endilega séð um það.“

Aðspurð um jákvæð viðbrögð við viðtalinu svarar Karólína:

„Ég var himinlifandi yfir öllum þeim jákvæðu viðbrögðum sem ég fékk. Mig langaði að opna á þessa umræðu, hvort það væri í alvöru svo hræðilegt að segja: „Ég einfaldlega hef ekki efni á barni núna.“ Það er vissulega bæði afleiðing lélegrar forgangsroðunar í samfélaginu okkar en einnig í sumum tilfellum sjálfskaparvíti.“

Geta veitt barninu margfalt betra líf

Karólína bætir við: „Við erum öll fórnarlömb aðstæðna okkar en við getum reynt að breyta þeim til hins betra ef við áttum okkur á því hvaða tól við höfum til þess að ýta okkur upp á við. Svo er fólk auðvitað með mismunandi kröfur til lífsins, suma dreymir um að stofna fjölskyldu og skeyta lítið um að ná langt á vinnumarkaði eða mennta sig. Við erum jafn mismunandi og við erum mörg.“



SÉRHÆFUM OKKUR Í FRAMLEIÐSLU Á FORMBEIGÐUM BORDPLÖTUM

Fanntófell

Bíldshöfða 12 / S. 587 6688 / fanntofell.is

/ MYNDIR: KRISTINN SVANUR

„Bátinn rak í aðri áttina og pabba í

■ Faðir hennar fórst í sjóslýsinu ■ Stóð sem klettur í baráttu eiginmannsins við
■ Jákvætt hugarfar kemur henni í gegnum áföllin

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Miðvikudaginn 18. ágúst árið 1982 réri Óli T. Magnússon út á báti sínum, Létti SH 175, frá Rifi með tveimur börnum sínum, Magnúsi og Elínu. Magnús var 19 ára gamall en Elín alveg að verða sautján ára. Líf þeirra varð aldrei samt eftir þennan örlagaríka túr sem fjölskyldufaðirinn Óli sneri ekki lífandi úr.

„Við vorum þrjú um borð, þetta var bara svona trilla. Við bjuggum alltaf í bænum en fluttum svo búferlum á vorin vestur á Hellissand þar sem við áttum lítið hús. Þar réri pabbi á sumrin og við áttum því alltaf heima þar í um þrjá til fjóra mánuði á ári. Þvottavél-in var bara sett á kerruna og keyrt af stað. Fyrstu árin fórum við ekki með í róðra því við vorum svo ung, en svo fékk Magnús bróðir að fara

að fara með og síðar ég. Áður hafði eldri bróðir okkar fengið að fara með í túra en hann hætti því þegar hann var varð eldri,“ segir Elín Óladóttir, sem er í dag orðin fimmtíu og þriggja ára, í viðtali við DV.

Elín lætur erfðleikana hvorki buga sig né brjóta

Elín Óladóttir er sjálfærð saumakona og rekur í dag saumafyrirtækið Óla Prik (snapchat: oliprik.is). Hún á þrjú uppkomin börn með manni sínum, Frey heitnum Hreiðarssyni; Óla Tómas, Tinnu og Adam, og barnabörn. Einnig átti Freyr son úr fyrra sambandi, Hjört Rósant. Líf Elínar virðist í fyrstu hið eðlilegasta en þegar málið er kannað ofan í kjöllinn kemur í ljós að Elín hefur gengið í gegnum ótrúlega hluti sem markað hafa líf hennar.

Blaðamaður heimsótti Elínu í Hafnarfjörð. Heimili hennar er skreytt ótrúlegum munum sem

Elín hefur safnað í gegnum tíðina og gert upp með aðstoð eiginmanns síns sálugs. Ljóst er að Elín er hörkukona sem lætur erfðleikana hvorki buga sig né brjóta heldur byggja sig upp.

„Eitt sumarið þá var ég eitthvað ósátt við frystihússtjórnann og gekk út og hætti. Pabbi varð því að taka mig með um borð þannig að ég fór að róa með þeim. Ég man ekki alveg hvort þetta var þriðja árið mitt með þeim en þetta var bara fínt. Var náttúrulega erfiðari vinna en launin voru miklu hærri en í frystihúsinu.“

Urðu að velja á milli föður síns og að lifa af

Morguninn örlagaríka, 18. ágúst, 1982, hafði verið mikil bræla í langan tíma en þegar veðrið tók að skána var tekin ákvörðun um að róa.

„Pabbi var samt búinn að vera svolítið tvístígandi um hvort

við ættum að fara en við ákváðum á endanum að leggja í hann. Við stímdum svona 20 sjómíflur á stað sem kallast Fláki og er svolítið langt frá landi. Við ætluðum jafnvel að vera um nótt og sögðum mömmu það áður en við lögðum af stað. Við vorum auðvitað bara með talstöð og mamma ekki með neina talstöð. Á þessum tíma voru náttúrulega engir farsímar og því voru samskiptin oft flókin. Við fiskuðum þarna um daginn og allt gekk vel. Við höfum verið komin með svona 6–700 kíló af fiski þegar pabbi ákvað að við skyldum fara í land. Það hafði verið svo mikil undiralda að það mynduðust öldudalir. En þegar maður er búinn að vera svona lengi á sjó þá verður maður ekki einu sinni hræddur.“

Faðir Elínar fór niður í stýrihús á meðan hún sjálf og Magnús gerðu að aflanum uppi á dekki.

„Vanalega gerðum við að fiskin-

um og fórum svo niður að sofa vegna þess að það tók nokkra klukkutíma að stíma í land. En við vorum sem betur fer ekki komin niður þegar báturinn fékk á sig brot og snerist á augabragði. Hann kastaðist til, fór upp á öldu, hún brotnaði á honum og honum einfaldlega hvolfdi. Við Magnús köstuðumst fyrir borð. Hann kom fyrst upp úr sjónum og ég skömmu síðar. Við vorum í sjógöllum og stígvélum, flækt í alls konar drasl sem var um borð þannig að það var erfitt að berjast upp á yfirborðið. Báturinn var á hvolfi og við náðum bæði taki á honum,“ segir Elín.

Veðrið var afar vont, mikill öldugangur og hvassviðri. Systkinin fóru að svipast um eftir föður sínum en hann var hvergi sjáanlegur. „Við vissum ekkert hvað við áttum að gera og hégum bara á bátinum þar til pabbi birtist loksins. En hann flaut bara hreyfingarlaus. Magnús bróðir synti að



“ra í hina“ ð heilakrabbamein

honum og náði að snúa honum við. Það var augljóst að hann var látinn því hann var helblár og ekkert lífsmark. Við gátum ekkert gert. Öldurnar börðu á bátnum og hann rak í aðra áttina en pabba í hina. Við urðum bara að velja,” segir Elín.

Sagði henni að halda áfram án hans

Elín og bróðir hennar tóku ákvörðun um að fara að bátnum. Skrúfan var ennþá á fullu og óttuðust þau mjög að enda í henni.

„Við komumst loksins upp á kjöl og sátum bara þar. Við vissum ekkert hvað við áttum eiginlega að gera. Gúmmibáturinn var undir bátnum, við vorum ekki með löglegan sleppibúnað þar sem pabbi hafði breytt honum. Hann sagði einhvern tímann við einhverja karla sem voru að gera athugasemd vegna þess að hann væri með börn um borð í bátnum

og að þau þyrftu að geta leyst þetta ef eitthvað kæmi upp á. Þannig að það var bara eitt öryggisband yfir bátnum. Magnús byrjaði að kafa undir bátinn, hann batt við sig band og ég hélt í það. Hann kafaði tvisvar sinnum niður. Fyrst festist báturinn en í síðari ferðinni náðum við loks bátnum upp á yfirborðið. Magnús var mjög þrekaður eftir þessa raun og það er mér mjög minnisstætt að hann sagði mér að hann gæti ekki meira og hvatti mig til þess að halda ein áfram. En þá kom eitthvað yfir mig og ég náði að vipa bróður mínum upp á kjölinn. Ég fór síðan að reyna að opna björgunarbátinn en það gekk mjög erfiðlega. Við vorum alveg að gefast upp þegar ég kippti brjálæðislega fast í öryggisbandið og þá loksins blés báturinn út og við náðum að komast um borð við illan leik,” segir Elín.

Þegar hér var komið sögu var

skolið á niðamyrcur enda gerðist slysið um miðjan ágúst og birtu fór að bregða frekar snemma.

„Það var alveg kolsvartamyrcur og báturinn var að fyllast af sjó. Við reyndum að lesa einhverjar leiðbeiningar og sáum að við áttum að setja út einhvers konar rekakeri til þess að báturinn yrði stöðugri. Við fundum svo neyðarsendi í björgunarbátinum en vissum ekki alveg hvernig hann virkaði. Það stóð ekki á honum hve lengi batteríð mundi endast og við vorum hrædd um að það myndi klárast. Við náttúrulega sáum ekkert, rétt svo í fjöll lengst í burtu. Við vorum um 20 sjómíflur frá landi og okkur rak út fjörðinn og út á rúmsjó. Við kveiktum á sendinum upp á von og óvon. Ég man að við vorum viss um að hjálpa myndi berast fljótlega en svo gerðist það náttúrulega ekkert,” segir Elín.



Elín og Freysi á góðri stund

„Við vissum ekkert hvað við áttum að gera og hégum bara á bátnum þar til pabbi birtist loksins. En hann flaut bara hreyfingarlaus. Magnús bróðir synti að honum og náði að snúa honum við. Það var augljós að hann var látinn því hann var helblár og ekkert lífsmark. Við gátum ekkert gert. Öldurnar börðu á bátnum og hann rak í aðra áttina en pabba í hina.

Skipin sáu ekki björgunarbátinn og sigldu framhjá

Nokkrum klukkustundum síðar sáu Elín og Magnús loks skip sem kveikti hjá þeim vonarneista um björgun.

„Það voru allir í aðgerð um borð þannig að það var ofboðslega mikið ljós. Þeir sáu auðvitað ekkert út. Við skutum samt upp neyðarblysi en ekkert gerðist. Skipið sigldi bara í burtu. Við lentum í þessu svona 2-3 sinnum um nóttina. Við ákváðum að lokum að slökkva á sendinum um nóttina því við vissum að það væru flugvélar að fara af stað um morguninn. Ég man ekki af hverju við vissum það en einhverja hluta vegna vissum við að flugvélar myndu nema sendinn.“

Nóttin leið og um morguninn ákváðu systkinin að kveikja aftur á neyðarsendinum í þeirri veiku von að flugvélar á ferli myndu nema hann.

„Við vorum búin að vera alla nóttina í móki að tala saman. Ég man ekki alveg hvað klukkan var en ég held að hún hafi verið um hálf tíu um morguninn þegar við heyrðum í flugvél. Eða við þóttumst heyra í flugvél, við vorum oft búin að halda að við heyrðum eitthvað en svo var það ekkert. Ég spurði Magnús hvort hann heyrði það sama og ég og hann játaði því. Þá kom ein flugvél en hún flaug bara fram hjá okkur og við vorum alveg gapandi. En svo vaggaði hún vængjunum og við vissum einhvern veginn að það þýddi að hún vissi af okkur. Svo flaug hún í burtu og við vorum ótrúlega hissa.“

Töldu Elínu látna

Á þessum tíma var eina björgunarpýrla landsins biluð að sögn Elínar en send voru boð til varnarliðsins sem enn var á landinu.

„Þeir komu þarna með Fokker-flugvél og þyrllu, sem bjargaði okkur. Kafara var sleppt í sjóinn sem aðstoðaði síðan við að hífa okkur upp í þyrlluna og síðan var flogið með okkur á Borgarspítalann. Þegar ég náði loks að hringja í mömmu höfðu þær fréttir borist henni að aðeins tveir hefðu lifað

sjóslysið af. Það héldu því allir í bænnum að það hlyti að hafa verið ég sem hefði ekki haft það af,” segir Elín.

Símtal Elínar við móður sína var því dramatískt í meira lagi, blanda af gleði og mikilli sorg. „Þetta var rosaleg lífsreynsla. Við vorum þarna á táningsaldri systkinin og vorum föst í einhverjar 17-18 klukkustundir í gúmmibát áður en okkur var bjargað. Það mátti litlu muna að við hefðum verið komin niður í lúkar og þá hefðum við líklega rotast og ekki komist út. Það var örugglega það sem kom fyrir pabba og kostaði hann lífið. Þegar við vorum búin að vera í marga klukkutíma í móki í bátnum vorum við farin að ímynda okkur að pabbi hefði komist af og fórum að búa til ýmsar sögur í hausnum á okkur. Það er svo óraunverulegt þegar svona hlutir gerast svona hratt. Þó að hitt sé alveg jafn ömurlegt, þá kemur þetta bara svona allt í einu á mann sem alda og tilverunni kippt undan manni. Pabbi var bara 41 árs gamall,” segir Elín.

Þrátt fyrir þessa ótrúlegu lífsreynslu segist hún ekki vera sjóhrædd í dag.

„Ég fer alveg á sjó enn þá. Ekki til þess að vinna en ef ég þyrfti að velja sjó eða flugvél þá myndi ég alltaf velja sjóinn. Kannski af því að ég er svo vel synd. Ég var að æfa sund mjög lengi og svo er ég ekkert hrædd við sjóinn, það er ekki til hræðsla.“

Blés lífi í ungan dreng í sundi

Eins ótrúlegt og það kann að hljóma er andlát föður Elínar ekki eina skiptið sem hún varð vitni að drukknun, eða því sem næst. Einungis fáeinum árum síðar var Elín stödd í Laugardalslauginni með vinkonu sinni þegar hún hún uppgötvaði að ungur drengur lá á botni laugarinnar.

„Ég var að synda og þá sá ég barn í botninum. Það var svona sex til sjö ára gamall strákur. Hann lá bara í botninum og ég byrjaði að kafa niður, þetta voru ósjálfráð viðbrögð. Ég reyndi að drösla honum upp úr og kallaði á ▶



Den Danske Kro

Kro · Bodega · Pub



* HAPPY HOUR FRÁ 16-19 ALLA DAGA *

* LIFANDI TÓNLIST ÖLL KVÖLD *





Elín við minnisvarða sem hún útbjó á heimili sínu. Pleyssi var gælunafn fjölskyldunnar um Freysa.



Elín og Freysi með börnunum sínum þremur. Fv. Óli Tómas, Elín, Freysi, Adam og Tinna.



Freyr Hreiðarsson fæddist á Akranesi 31. maí 1963. Hann lést á líknardeildinni í Kópavogi 18. júní 2017.

En presturinn sagði að það hefði verið svo gott fyrir Freysa að hafa engar áhyggjur af mér. Þetta var mjög sérstakt en honum leið alveg vel með þetta. Honum fannst hann ekkert vera að yfirgefa mig, þannig séð. Hann vissi að ég myndi spjara mig og var ekkert ósáttur við það. Í mínum huga í dag þá ætla ég aldrei að vera með öðrum manni, ég trúi því að við Freysi séum sálufélagar og að okkar sögu sé ekki lokið. Við munum halda áfram þar sem frá var horfið þegar minni göngu lýkur hér á jörð. En auðvitað veit maður ekkert hvað framtíðin býr í skauti sér.“

Elín segir skritið að hugsa aftur í tímann í dag, rúmu ári eftir andlát Freysa, þar sem hún áttar sig reglulega á skritnum persónuleikabreytingum sem hún tengir við veikindin.

„Þær voru svo skrítnar, þessar persónuleikabreytingar. Þegar ég lít til baka þá átta ég mig á því að ýmis einkennileg atvik tengjast veikindunum. Hann var á tímabili rosalega erfíður og ég man að einu sinni sagði sonur okkar við mig: „Mamma, hvernig getur þú látið hann tala svona við þig?“ En ég sagði bara við hann að þetta væri ekki pabbi hans að tala við mig. Þetta væri sjúkdómurinn að tala. Þannig að ég tók þetta aldrei nærri mér. Ég vissi að pabbi þeirra myndi aldrei koma svona fram við mig. Aldrei. Ef hann væri í lagi. Þannig að ég var alltaf voða róleg yfir því. Þeim fannst þetta einmitt svo fyndið þegar þær komu hérna frá Karítas og hann var eitthvað leiðinlegur. Þeim fannst svo skritið að sjá mig aldrei reiða eða pirraða. En ég vissi bara að þetta

var ekki hann. Ég hugsaði þetta bara þannig. En auðvitað var þetta stundum óþægilegt og ég var stundum sár. En ég hugsaði alltaf, þetta er ekki Freysi. Hann myndi aldrei láta svona. Maður verður að hugsa svona, þó að hitt nái manni stundum. Það var bara allt í einu einhver allt annar karakter kominn þarna.“

Lést daginn eftir brúðkaupsafmælið

Freysi lést á líknardeild Landspítalans þann 18. júní árið 2017, degi eftir 31 árs brúðkaupsafmæli þeirra hjóna.

„Við kynntumst fyrst á 17. júní og giftum okkur svo 17. júní líka. Hann var alveg ofboðslega veikur á brúðkaupsafmælinu okkar og um morguninn fannst mér eitt-hvað skritið í loftinu. Ég skrapp

heim í sturtu og fór svo strax til hans aftur. Hann dó svo um nóttina. Hann hefur ákveðið að þrauka, ekki nota 17. júní í þetta, ekki setja þetta allt á sama dag. Svona er þetta bara, maður spilar úr spilunum sem maður hefur.“

Jarðarför Freysa var með mjög sérstöku móti og þegar henni var lokið hafði fólk orð á því við Elínu að þetta hefði verið sorgleg en jafnframt skemmtileg jarðarför.

„Jarðarförin var mjög sérstök“, segir Elín og hlær. Þegar hann var uppi á líknardeild var ég með fjölskyldumyndir úti um allt. Ég tók þær niður, plastaði þær og voru þær sprautaðar á kistuna. Þetta voru myndir af okkur þegar við vorum ung og af barnabörnunum og þess háttar. Í jarðarförinni voru svo bara spiluð ELO-lög. Hann var algjört ELO-fan, þetta voru bara trúarbrögð. ELO-logoið er á steinum hans. Ég teiknaði steininn sjálf með aðstoð Óla Tómasar og lét höggva hann út. Ég lenti í smá stríði við Jónu Hrönn prest sem vildi hafa að minnsta kosti einn sálm í jarðarförinni. Það var bara einn sálmur, svo bara ELO, James Blunt, Bubbi og lag með Bítlunum. Freysi elskaði golf og var í golfklúbbnum Skrambar. Þeir keyptu sér alltaf eins föt þegar þeir fóru að keppa á móti og áttu alveg hvítar buxur og svarta boli. Hann tók það fram við mig, alveg tvisvar til þrisvar sinnum, að hann vildi að Skrambarir bæru kistuna og að þeir yrðu í samstæðu fötunum. Ég sagði honum alltaf að hætta að spá í því en svo minnst hann aftur á þetta stuttu áður en hann fór í algjört mók. Þá sagði hann við mig: „Elín þú verður að passa að buxurnar þeirra séu hreinar því þær eru alveg hvítar“, minnst Elín, hlær og yljær sér við minninguna.

Bar kistuna sjálf út á öxlunum

Elín krafðist þess að fá að ganga fremst með kistuna og að hún yrði borin út á öxlum.

„Útfararstjórinn sagði við mig að í þau tuttugu ár sem hann hefði starfað hefði engin kista verið sett upp á öxl nema um þjóðhöfðingja væri að ræða. Ég sagði að mér væri alveg sama. Kistan yrði sett upp á öxl. Hann hafði líka áhyggjur af því að það gæti liðið yfir mig en ég sagði nei. Ég var að fara í þetta

verkefni og ég ætlaði að klára það. Svo æfðum við þetta og allt gekk ótrúlega vel. Eftir jarðarförina voru margir sem sögðu við mig að þeir vissu ekki hvort þeir mættu nefna það en að þeim hafi þótt gaman í þessari jarðarför. Sorglegt auðvitað, en gaman. Óli fór upp í pontu og hélt ræðu um pabba sinn og það var hrikalega sorglegt. Ég veit ekki hvernig hann gat þetta, það er náttúrulega erfitt en hann náði að halda sér þar til rétt í endann. Þá var hann alveg búinn. Þetta var rosalega flott hjá honum og þeir voru mjög nánir. En við Óli erum þannig gerð að þrátt fyrir að okkur finnst þetta alveg ótrúlega ömurlegt þá hugsum við að svona sé staðan og hvað sé hægt að gera. Hvað hefði hann viljað. Hvernig hefði hann viljað að við myndum díla við þetta. Maður þarf svolítið að hugsa það þótt maður sé ósáttur og verði aldrei sáttur, en þá verður maður einfaldlega að lifa með þessu.“

Ætlar að klára lífið með sóma

Eftir andlát Freysa tók Elín ákvörðun um að lifa lífinu lifandi og að gera það sem hana hefur alltaf dreymt um á meðan heilsan leyfir.

„Fólk er alltaf að segja; rosalega ertu dugleg, rosalega ertu dugleg. En ég segi alltaf að þetta hafi ekkert með það að gera. Ég þarf bara að klára þetta og ég ætla að gera það með sóma. Ég fór til Taílands í janúar með fjögurra daga fyrirvara. Það datt ein út sem ætlaði að fara og það var hringt í mig á fimmtudegi. Á sunnudeginum var ég svo komin út til Taílands. Ég hef aldrei gert svona áður. Í september er ég svo að fara til Hawaii að læra á brimbretti. Ég er að fara með konunni sem missti manninn sinn tveimur mánuðum á undan Freysa. Hún ætlar reyndar ekki að fara á brimbretti, hún sagði við mig að hún væri ekki alveg jafn geðveik og ég“, segir Elín og hlær.

„Nú er bara planið að gera allt svona. Ég ætla að fara eftir áramót með Óla, syni okkar, og læra að kafa. Ég ætla að nýta tímann til þess að gera nýja og spennandi hluti með börnunum mínum og barnabörnunum. Ég ætla að klára allt sem mig langar að gera á meðan ég hef heilsu til.“ ■

Happy Life hundafóður á 30% afslætti



15 kg. poki á aðeins 4.029 kr.

Fullt verð 5.757 kr.

Happy life

gæludýr.is

www.gaeludyr.is

BARKING HEADS MEOWING HEADS



DÝRABÆR
- fyrir dýrin þín

Dýrabær • Smáralind • Kringlan • Krossmói Reykjanesbæ • sími 511-2022 • www.dyrabaer.is
Nú einnig á Akranesi

Hreyfing og námskeið

24. águst 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is

KLIFURHÚSIÐ:

Klifur er lífsstíll

Ínnanhússklifur er vaxandi áhugamál víða um heim og hér á landi stunda margir þetta sport í Klifurhúsinu, Ármúla 23. Þar eru bæði í boði opnir tímar og margs konar námskeið fyrir alla aldurshópa. „Við erum með barna- og unglínganámskeið hér fyrir 5 til 18 ára en einnig kennslu fyrir alla aldurshópa og elstu þátttakendurnir eru um sextugt,” segir Benjamin Mokry, rekstrarstjóri Klifurhússins.

Klifurveggirnir eru smíðaðir úr timbri og á gólfinu fyrir neðan er stór dýna sem þátttakendur hoppa niður á í lok klífursins. „Hér er stunduð svokölluð grjótglima, sem felur í sér að klifurveggurinn er mjög brattur en klifurhæðin er lítil, 4–6 metrar, hér í Klifurhúsinu,” segir Benjamin.

Benjamin Mokry er 39 ára gamall Þjóðverji en hefur verið búsettur hér á landi í 17 ár og talar reiprennandi íslensku. Benjamin stundar klifur bæði utan húss og innan af miklum krafti og er þetta lífsstíll hjá honum. Hann segir lífsstíllinn ekki ólíkan lífi brimbrettafólks því hann skipuleggur utanlandsferðir í kringum áhugamálið, fer til dæmis til Evrópu og Bandaríkjanna.

Að sögn Benjamins reynir klifrið bæði á styrk og liðleika. „Það er enginn munur á getu stráka og stelpna, þó að strákarnir séu oftast sterkari og fari nokkuð á kraftinum þá eru stelpurnar oftast með betri tækni, en hún er mjög mikilvæg. Stelpurnar eru betri í að halda fótunum á veggnum,

þær eru flinkari. Hugtakið tækniklifur er þekkt enda eru tækni og liðleiki mikilvægir þættir í þessu sporti.”

Klifrið eflir allt í senn, þol, liðleika og styrk, og hentar fólki á öllum aldri. „Til dæmis getur maður aldrei orðið of sterkur í fingrunum en klifrið eflir mjög fingrastyrk, en það er nokkuð sem fólk er almennt ekki að þjálfast með sér,” segir Benjamin.

Klifurhúsamenningin

Það þarf ekki að fara á námskeið til að kynna klifrinu né þarf að kaupa sér aðgöngukort, hægt er að mæta á staðinn og kaupa sér stakan tíma. Klifurleiðunum er síðan raðað upp í mismunandi erfiðleikastig þannig að byrjendur geta valið leið sem hentar þeim fullkomlega en einnig eru krefjandi leiðir í boði fyrir þá sem eru lengra komnir. Opið er alla daga frá kl. 11.30 til 13.30 og 16 til 22.

„Það er kjörið fyrir litla hópa að koma hingað og eiga góða stund saman. Klifurhús spretta víða upp erlendis og eru að verða mjög vinsælir samkomustaðir. Fólk hittist, fær sér kaffi og spjallar, og klifrar síðan saman í tvo tíma. Þetta kemur í staðinn fyrir að hittast á barnum,” segir Benjamin. Það er því jafn sjálfsagt að hittast í klifri eins og að hittast á kaffihúsi eða krá. Og svo fær maður mikla og góða hreyfingu í leiðinni.

Nánari upplýsingar um Klifurhúsið er að finna á vefsíðunni klifurhusid.is og Facebook-síðunni Klifurhúsið.





SUNDSKÓLI SÓLEYJAR:

Gæðastund fyrir fjölskylduna

Sumarið er frábær tími fyrir sundnámskeið og hjá Sundskóla Sóleyjar er í boði ungbarnasund, barnasund, einkatímar og skriðsundkennsla fyrir fullorðna. Börn á aldrinum frá nokkurra mánaða og upp í 12 ára sækja fjölbreytt námskeið hjá Sóleyju á sumrin. Sundskólinn hennar hefur verið starfandi í 20 ár og hefur starfsemin vaxið jafnt og þétt: „Þetta er fullt starf hjá mér í dag sem er ágætt því þetta er það skemmtilegasta sem ég geri,“ segir Sóley.

Ungbarnasund kom til sögunnar

í kringum árið 1990 og hefur lengi verið vinsælt. Að sögn Sóleyjar hefur hins vegar mesti vöxturinn undanfarin ár verið í barnasundi. Slík tólmstundaiðkun barna hefur margvíslega kosti fyrir utan þá að vera holl hreyfing. Til dæmis er afar gott fyrir börn að stunda sundnámskeið áður en þau fara í skólasund því það gerir þau að sterkari einstaklingum og þau verða miklu sjálfsöruggari í skólasundinu. Enn fremur eru barnanámskeiðin, sem og ungbarnasundið, sannkölluð gæðastund fyrir fjölskylduna því foreldrar eru alltaf með

barninu ofan í lauginni, nema þegar um einkakennslu er að ræða.

„Það er líka mjög mikilvægt að viðhalda kunnáttunni. Það hefur komið fyrir að ég hafi fengið til mín fólk á ungbarnanámskeið og það kemur svo aftur með barnið á barnanámskeið fjórum árum síðar. En þá er barnið orðið vatnshrætt.“ Það er því mikilvægt að fjölskyldan fari reglulega í sund eða barnið haldi áfram á námskeiðum eftir ungbarnasundið.

Námskeiðin fara fram í tveimur sundlaugum, önnur er á Hrafnistu

í Hafnarfirði en hin á Hrafnistu í Kópavogi. Sóley annast sjálf kennsluna en aðstoðarmanneskja er ofan í lauginni til hjálpar og leiðbeiningar. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni <https://sundskoli.is/> og ástæða til að hvetja foreldra til að skoða hana vel. Þar eru mjög fróðlegar upplýsingar um námskeiðin auk þess sem hægt er að skrá sig á námskeið á vefnum. Skráning og kennsla eru nú þegar hafin og ekki eftir neinu að biða enda sumarið handan við hornið.

Sjá einnig Facebooksíðuna Sundskóli Sóleyjar.





AUTHORISED TEACHER

VOCALIST:

Söngnám fyrir alla

Í söngskólanum Vocalist ættu allir að finna söngnám við sitt hæfi. Námskeiðin eru sniðin að þörfum hvers og eins og henta bæði fyrir áhuga- og atvinnusöngvara. Við kennum alla raddstíla, svo sem jazz, klassik, popp, rokk, þungarokk og söngleikjastil og hentar CVT-tækni í alla þessa stíla," segir Sólveig Unnur Ragnarsdóttir sem stofnaði söngskólann Vocalist við Laugaveg haustið 2014 en skólinn hefur nú flutt aðsetur sitt að Síðumúla 8. Skólinn býður upp á þá nýjung þessa önnina að upptaka í hljóðveri á einu lagi með tilbúnum undirleik undir leiðsögn kennara fylgir öllum tólf vikna námskeiðum, bæði fyrir fullorðna og unga nemendur.

Hvað er CVT?

„Við kennum eftir frábærri tækni sem kallast Complete Vocal Technique eða CVT sem er geysivinsæl um alla Evrópu bæði meðal atvinnusöngvara og leikmanna, enda gefur tækni góðan og fljótvirkan árangur," segir Sólveig. CVT byggir á rannsóknum Cathrine Sadolin á því hvernig hljóðfærið okkar, röddin, virkar þegar við myndum hin ýmsu hljóð og að við getum lært að framkalla þau öll á heilbrigðan hátt. Hugmyndafræðin er meðal annars sú að það á ekki að vera erfitt að syngja og allir geti lært það. Tækni er þekkt fyrir að vinna bug á hæsi, raddþreytu og öðrum raddtengdum vandamálum. Vocalist býður upp á ýmis söngnámskeið fyrir nær alla aldurshópa og er CVT-tækni notuð, enda fjölbreytilegt og nothæft tæki fyrir alla söngvara, unga sem aldna, reynda sem óreynda.

Námskeiðin hjá Vocalist

Vocalist býður upp á tólf vikna grunnnámskeið í CVT fyrir fólk á aldrinum 16 ára og upp úr, fyrir byrjendur og lengra komna. Námskeiðið er í senn tíu hóptímar og tveir einkatímar og í lokin fær hver og einn þátttakandi að taka upp eitt lag í hljóðveri. „Við bjóðum upp á tólf vikna námskeið fyrir unga fólk og eru tveir hópar. 12–16 ára



og 8–12 ára," segir Sólveig. Kennt er í 4–6 manna hópum einu sinni í viku og þar læra börnin að kynna eigin rödd betur auk þess að fá þjálfun í túlkun, tjáningu og framkomu. „Þau læra að syngja í míkrofón og kynna mismunandi tónlistarstílum," segir Sólveig. Lokatónleikar eru síðan haldnir eftir hverja önn þar sem þátttakendur af öllum námskeiðunum fá tækifæri til að láta ljós sitt skína.

Kvennakór Vocalist

Kvennakór Vocalist hóf starfsemi sína í október 2015 og æfir saman á þriðjudagskvöldum kl. 19–21 í safnaðarheimili Áskirkju og verða áheyrnarprufur haldnar þann 4. september. „Við syngjum létt og skemmtileg lög, popp og dægurlög," segir Sólveig. Kórinn er opinn öllum konum á aldrinum 20–65 ára; þeim sem eru í söngnámi hjá Vocalist og einnig er hægt að vera bara með í kórnum.



Einkatímar

„Að auki bjóðum við upp á einkatíma sem sniðnir eru að þörfum hvers og eins því það er svo einstaklingsbundið hvar raddvandamálin liggja," segir Sólveig. Hver tími er 45 mínútur og hægt er að kaupa bæði staka tíma og söngkort. Allir fá sitt tækifæri til að skína.

Kennsla hefst þann 17. september og er skráning í fullum gangi.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu skólans, vocalist.is.

Hægt er að hafa samband í síma 694-3964 eða með því að senda tölvupóst á netfangið vocalist@vocalist.is



GALLERÍ VOFF HUNDASKÓLI:

Áratuga reynsla af hundatamningum

Galleri Voff hundaskóli vinnur að því markmiði að menn og hundar lifi í sátt og samlyndi. Til að það geti orðið og til að hundar geti átt gott líf þá þurfa þeir að vera tamdir. Umbun eða verðlaun eru lykilatriði í hundapjálfun en mikilvægt er að beita þessu tæki rétt:

„Hundarnir eru verðlaunaðir með nammi þegar þeir gera strax það sem þeim er sagt að gera. Þeim er leiðbeint til að hlýða til að byrja með, en það er mikilvægt að kenna fólki muninn á verðlaunum og mútum. Benda því á að það er að stjórna hundinum með tiltekinni hegðun en hundurinn má ekki taka stjórnina með því að vera óþekkur til að fá eigandann til að sækja nammi í vasann því þá er hundurinn að temja eigandann, og verðlaunin verða að mútum. Fólk er kennt að vera leiðtogar í lífi hundsins og hafa áhrif á hegðun hans með sinni hegðun. Fólk er kennt að setja hundinum mörk en það er líka mikilvægt að hugsa um velferð hunda-eigenda og kenna þeim að hundurinn lifir lengur og á betra líf ef hann er þægur og ef eigandinn er hamingjusamur,” segir Ásta Dóra Ingadóttir, eigandi Galleri Voff hundskóla. Skólinn hefur verið starfandi frá árinu 1991 og Ásta hefur starfað við hundapjálfun í hátt í þrjá áratugi.

En eru hundar ekki líka næmir fyrir umbun á borð við hrós og hlýtt viðmót?

„Jú, en hundar sem búa með fjölskyldu og eru í stöðugri snertingu við fólk hafa ekki ástæðu til að leggja mikið á sig til að fá klapp,” segir Ásta og bendir á að beiting verðlauna leiði oft í ljós að margir hundar séu miklu greindari en þeir voru taldir vera: „Með nammiverðlaunum búum við til sameiginlegt áhugamál fyrir hundinn og eigandann og samvinna gefur mun betri árangur en þvingun. Margir hundar sem voru eitt sinn taldir vera heimskir hafa breytt hegðun sinni við að fá nammi í verðlaun. Þá fengu þeir einhverja ástæðu til að vinna.”

Það er list að þjálf hund

Aðspurð hvort það krefjist þolinmæði að vera hundapjálfi segir Ásta: „Jú, að ýmsu leyti en hundar lifa svo hratt og eru afskaplega fljótir að taka ákvörðun. Það er mikilvægt að hafa í huga að stuttur tími hjá okkur er langur tími hjá þeim. Á þessu verður maður að átta sig því annars er hættu á að maður sitji uppi með að hundurinn skilji mann ekki.”

Ásta segir að starfið sé afskaplega gefandi og skemmtilegt. „Þetta er aldrei leiðinlegt og maður er sífelldur kynnst einhverju nýju. Hvert einasta dýr hefur sinn karakter.”

Ásta segir að þó að þekkingin og reynslan séu mikilvæg í þessu starfi þá séu hæfileikarnir í það að miklu leyti meðfæddir.

Hundurinn býr alla ævi að þjálfuninni

Ásta segir að eigendur hunda hafi mikil áhrif á atferli dýranna og að eigandinn sé í raun 70% af hundinum. „Líklega er ég að fá rjúmann af hunda-eigendum til mín, sérstaklega þá sem leggja á sig að aka hingað í Mosfellsdalinn langar leiðir yfir veturinn. Ég hef t.d. fengið hingað fólk frá Ólafsvík og Stykkishólmi sem kemur hingað í hvaða veðri sem er um hávetur, einu sinni í viku, og missir aldrei úr tíma, sem er gott dæmi um það hvað fólk þykir vænt um dýrin sín.”

Ásta mælir með hundapjálfun fyrir alla hunda og segir að þeir búi ávallt að henni. „Þegar hundurinn fer aftur út í lífið er hann búinn að hlýða í tíu

Galleri Voff er líka dýratamningastöð fyrir leikhús kvikmyndir og auglýsingar, hér er verð að vinna með Snæfinn frá Hraðastöðum



vikur og auðvitað á fólk að halda áfram að nota æfingarnar og viðhalda hlýðninni.

En hann býr alltaf að þessari reynslu og hann kann að hlusta og eigandinn veit hvað hann getur. Hundarnir gleyma þessu aldrei.”

Galleri Voff hundaskóli er staðsettur að Reykjahlíð í Mosfellsbæ. Meðal námskeiða eru grunnnámskeið, framhaldsnámskeið I, framhaldsnámskeið II og einkatímar. Hvert námskeið varir í tíu vikur. Ítarlegar upplýsingar og fróðleik um hundapjálfun er að finna á vefsíðunni hundaskoli.is. Hægt er að hafa samband í gegnum Facebook-síðuna Galleri Voff hundaskóli eða í síma 862-2006.



UNGBARNASUND OG SUNDSKÓLI HÖRPU:

„Skjálausar gæðastundir foreldra með börnum sínum“

Foreldrar og börn eiga þarna skemmtilegar stundir í lauginni. Yngstu börnin læra að kafa og styrkja líkamann og jafnframt tengslin við foreldra en eldri hóparnir læra að auki sundtökin og að synda sjálf. Þetta er því skemmtilegt og gagnlegt í senn. Þarna eiga foreldrar skjálausar gæðastundir með börnum sínum – nokkuð sem ég held að sé full þörf fyrir,” segir Harpa Þrastardóttir, sem býður upp á ungbarnasund og sundnámskeið fyrir börn í Suðurbæjarlaug, Hringbraut 77, Hafnarfirði.

Harpa hefur kennt sund í 10 ár og segir hún starfið einstaklega gefandi, og að ekkert jafnist á við að kenna yngstu börnunum og láta þau og foreldra þeirra upplifa ánægjustundir í lauginni.

„Ungbarnasundnámskeið eru mjög vinsæl á Íslandi og stór hluti barna lærir að kafa og venjast vatninu á fyrstu mánuðum lífsins – en því miður gerist það oft að fólk fer ekki reglulega í sund með börn sín eftir að ungbarnasundnámi lýkur og þá missa börnin stundum þessa getu og mæta jafnvel vatns hrædd í skólasundið,” segir Harpa. Stór hluti barnanna í sundskóla hennar hefur áður verið í ungbarnasundi en einnig koma börn í sundskólann sem hafa jafnvel aldrei farið í sund áður.

„Það voru ekki margir sem buðu upp á sundkennslu fyrir 1 til 3 ára og þau námskeið eru mjög fjölsótt

hjá mér, foreldrum þykir líka þægilegt að geta komið með systkini á ólíkum aldri í 2 til 6 ára hópinn minn,” segir Harpa.

Næstu námskeið hefjast 1. september og er fullbókað í þau. En námskeiðin verða í gangi í allan vetur og skráning er hafin á námskeið sem hefjast í lok október. Hvert námskeið stendur í átta vikur. Boðið er upp á ungbarnasund fyrir 2 til 18 mánaða börn og sundskóla fyrir 1 til 6 ára börn. Aðstaðan í Suðurbæjarlaug fyrir ungbarnasund er mjög góð, á laugarbakkanum er sturta til að skola af börnunum og boðið er upp á sér skiptiborð fyrir hvert barn. Kennsla fer fram á milli klukkan 9 og 14 á laugardögum í Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði.

Nánari upplýsingar eru á Facebook-síðunni Ungbarnasund og sundskóli Hörpu og í síma 692-2138.



UNGBARNASUND HÖRPU



MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM:

Starfstengt nám á þínum forsendum

Sí- og endurmenntun er orðin sífellt mikilvægari í atvinnulífi nútímans þar sem starfsþróun og fagleg efling í starfi skipar stóran sess. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) hefur unnið markvisst að því að bjóða starfstengt nám með það að markmiði að efla atvinnulíf og samfélag á Suðurnesjum.

Á undanförunum árum hefur þróun og tækni í námi og kennslu tekið mikinn kipp hjá MSS. Stefnan í kennslufræði fullorðinna miðar að frekari þróun og auknum gæðum og að miðstöðin verði framúrskarandi á sviði fjarkennslu og fjarnáms.

Leikskóla- og stuðningsfulltrúa-brú er tveggja ára námsleið fyrir þá sem starfa í leik- og grunnskólum og hafa ekki lokið formlegri menntun. Kennsla og verkefnavinna miða mjög að því að nýta starfsreynslu og tengjast veruleikanum á starfsvettvangi. Markmið með náminu er m.a. það að efla fagvitund og færni í starfi en námið getur einnig verið hvatning og fyrsta skref að frekara námi.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám er tveggja ára nám og hentar sérstaklega vel fyrir þá sem ganga með viðskiptahugmynd í maganum og langar að láta drauminn um eigin rekstur rætast. Námsleiðin er einnig frábær styrkur fyrir þá sem eru nú þegar í rekstri en vantar að skerpa á hugmyndum og aðferðum t.d. í markaðssetningu á samfélagsmið-



Útskriftarhópur síðustu annar en þá útskrifuðust rúmlega 70 manns frá ýmsum námsleiðum MSS

um. Hagnýtt nám sem skilar beinni afurð í formi viðskiptaáætlunar og plani um markaðsaðgerðir.

Skrifstofuskólinn, grunn- og framhaldsnám, er sérhæft nám fyrir fólk sem hefur áhuga á að ná

sér í góðan undirbúning fyrir skrifstofustörf eða hugar að frekara námi á því sviði. Að námi loknu eiga námsmenn að hafa öðlast færni í skrifstofustörfum, hafa góða innsýn í rekstur fyrirtækja og góða bók-

haldsþekkingu. Kennt er á bókhaldsforritið Navision.

Skráning er hafin á allar námsleiðir MSS. Nánari upplýsingar á www.mss.is.

Pekking í þína þágu

Starfstengt nám á þínum forsendum

MSS býður margvíslegt starfstengt og hagnýtt nám sem auðvelt er að stunda með vinnu. Kennt er eftir skipulagi og hugmyndum dreifináms og vendikennslu þar sem hluti af náminu fer fram á netinu og viðvera í skólastofu er minni fyrir vikið.



Leikskóla- og stuðningsfulltrúa-brú

Kjörið nám fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla sem vill efla fagvitund og færni í starfi en námið getur einnig verið hvatning og fyrsta skref að frekara námi.



Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

Tilvalið fyrir fólk sem vill stofna eigin rekstur eða gera enn betur í núverandi rekstri, kynnast gerð viðskiptaáætlana og markaðssetningu á samfélagsmiðlum.



Skrifstofuskólinn

Frábær leið fyrir fólk sem vill efla færni sína í skrifstofustörfum, kynnast bókhaldi og fá innsýn í rekstur fyrirtækja.

Skráning og nánari upplýsingar á mss.is





HÚSSTJÓRNARSKÓLINN Á HALLORMSSTAÐ:

Skapandi nám í kyrrð og náttúruvegurð Hallormsstaðar

Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað byggir á áralangri hefð og menningararfi en skólinn var stofnaður árið 1930. Auk þess að rækta gamlar hefðir er skólinn vakandi fyrir nýjustu straumum og stefnum í heiminum. Námið samanstendur af matreiðslu og textílgreinum; vefnaði, þrjáni, hekli, útsaumi og fatasaumi.

„Skólinn aðlagar sig alltaf að nútímatækni sem stöðugt er að breytast á tímum fjórðu iðnbýltingarinnar. Við erum ekki eingöngu í gamla tímanum heldur leggjum mikla áherslu á að kynna fyrir nemendum það sem er í gangi í dag en gætum þess jafnframt að halda í gamlar hefðir sem gætu glatast. Í matreiðslu förum við vilt um heiminn og kynnum nemendum matarmenningu annarra þjóða. Við förum vel yfir ýmis ný hugtök, eins og t.d. hvað felst í því að vera vegan, hvernig á að matreiða fyrir einstaklinga með fæðuþöpol og ofnæmi o.s.frv. En um leið og við tengjum okkur vel við samtímann þá pössum við upp á hefðirnar og tökum t.d. slátur, nokkuð sem gert er á sífellt færri heimilum í dag,” segir Bryndís Fiona Ford, skólameistari í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað.

Hreinleiki og umhverfisvernd eru líka sterkir áherslupættir í starfi skólans: „Við vinnum mikið með hreint fæði, nýtum afurðir skógarins og leggjum áherslu á að nemendur vinni með hráefnið sem mest frá grunni. Við kennum þeim gagnrýna hugsun varðandi innkaup og neyslu, hvað við látum ofan í okkur og hverju við klæðumst. Næringarfræðin fléttast saman við verklegu matreiðslukennsluna. Við leggjum mikla áherslu á umhverfisvernd og umhverfisvitund í allri kennslu og öllu starfi skólans,” segir Bryndís.

Námið er á framhaldsskólastigi en skólinn tekur á móti nemendum af öllu landinu og á öllum aldri frá og með grunnskólaaldri. „Nemendur njóta þess að vinna í kyrrðinni og náttúruvegurðinni hér á Hallormsstað og sækja sér mikinn sköpunarkraft í náttúruna hér,” segir Bryndís.

Námið er ein önn og veitir einingar til stúdentsprófs. Nemendur frá skólanum hafa gott orð á sér og eru eftirsóttir starfskraftar í veitinga-geiranum og textíliðnaði, sem hefur vaxið mikið undanfarið ár vegna fjölgunar ferðamanna.

„Námið er ódýrt ef nemendur nýta alla styrki sem eru í boði en mánuðurinn gæti kostað um 10.000 krónur þegar upp er staðið. Auk þess fá nemendur til eignar verkefni sem unnin eru á önninni. Allir nemendur eru á heimavist og innifalið í skólagjaldi er gisting, fullt fæði og efni til verkefnavinnu, en skólinn kappkostar að veita nemendum aðgang að góðum búnaði,” segir Bryndís.

Enn eru nokkur sæti laus á haustönn í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað, auk þess sem opið er fyrir skráningu á vorönn. Nánari upplýsingar og skráning eru á vefsiðunni hushall.is.

Fatasaumur



Hallormsstaðarskógur - kyrrð og yfirþyrmandi fegurð

Castello

PIZZERIA



ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZUR
SÍMI 577 3333
WWW.CASTELLO.IS

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI ··· DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

39.900 KR.

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT & SUND

ENGIN BINDING

STINGDU ÞÉR TIL SUNDS Í KÓPAVOGI

Kortin fást í afgreiðslum sundlauga Kópavogs.

Salalaug · Kópavogslaug · reebokfitness.is

Reebok
FITNESS

Bláa perlan Chefchaouen: Sólarfríi á Spáni breytt í ævintýraferð til Marokkó



Ævintýraborgin Chefchaouen

■ Borgin er umkringd kannabisökum ■ Friðsæll og rólegur bær sem er engum öðrum líkur

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Spænskar sólarstrendur voru vinsæll áfangastaður Íslendinga í sumar, líkt og undangengin ár. Sól, hiti og afslappað strandlíf heillar marga og ekki skemmir verðlagið fyrir en það er margfalt hagstæðara en hér heima.

Ykkar einlægur var í þeim hópi

að bregða sér til Spánar í sumarleyfi sínu ásamt konu og börnum. Í bænum Santa Pola, nærri Alicante, hefur stórfjölskylda konunnar haft aðgang að gríðastað í áratugi og því höfum við alloft varið sumarleyfum okkar í þessum skemmtilega bæ. Sá galli er þó á gjöf Njarðar að ég þoli ekki að flatmaga á sólarströndum. Það hefur verið leyst með þeirri mála- miðlun að í slíkum fríum fæ ég að

skipuleggja nokkurra daga ferðir í nærliggjandi borgir eða bæi til þess að upplifa nýja staði.

Undanfarin ár höfum við heim- sótt Granada, Malaga, Sevilla, Valencia og Barcelona svo einhverjar borgir séu nefndar. Í ár ákváð ég þó að ganga örlítið lengra og skipulagði nokkurra daga ferðalag fyrir fjölskylduna, tvo fullorðna og tvö börn á aldrinum 5-7 ára, til bláu borgarinnar Chefchaouen

í norðvesturhluta Marokkó. Óhætt er að mæla með heim- sókn á þessar slóðir og hér er stutt ferðasaga ásamt ýmsum hjálplegum ábendingum.

Sigt til Marokkó

Talsvert úrval af ferjuferðum frá Spáni til Marokkó er í boði. Til dæmis frá Malaga, Almeria, Algeciras, Motril, Tarifa og jafnvel Barcelona. Síðastnefnda ferðin tekur þó rúman sólar- hring.

Við ákváðum að sigla frá Algeciras en þaðan er afar stutt að sigla yfir til Marokkó, rúmur hálf tími. Til samanburðar tekur siglingin frá Malaga um sjö klukkustundir. Eftir á að hyggja voru það smávægileg mistök en aðeins vegna þess að einhverja hluta vegna eru tafir afar tíðar á ferjunni frá Algeciras til hafnarinnar Tangier Med, sem er í rúmlega 50 kílómetra fjarlægð frá Tangierborg. Þannig tók ferðin okkar rúma klukkustund.

Gestgjafi okkar í Chefchaouen benti okkur á að það sama gildir ekki um ferjurnar frá Tarifa og munurinn er sá að ferjan siglir frá eldri höfn í sjálfri Tangierborg og því er það talsvert betri valkostur ef hugmyndin er að fara í dagsferð til Marokkó. Ef hugmyndin er að skoða Chefchaouen er aksturstíminn nánast sá sami frá Tangierborg og Tangier Med.

Baráttan um vegabréfsáritun

Ferjuferðin yfir til Marokkó kostaði fjögurra manna fjölskyldu rúmar 12 þúsund krónur, fram og



Margt er forvitnilegt í Chefchaouen
Hér má sjá útibú hjá bakara í bænum.

til baka. Við ákváðum að skilja bílinn okkar eftir í okkar heimsálfu, aðallega af því að við höfðum lesið að umferðin í Marokkó gæti verið villt á köflum. Það reyndist vera rétt ákvörðun. Við fórum til að mynda aðeins í tvær langar leigubílaferðir í landinu og lentum bara í árekstri í 50% tilvika!

Siglingin sjálf er þægileg en sérstaklega vegna þess að við höfðum séð þá ábendingu á spjallborði að mikilvægt væri að taka sér stöðu strax við skrifborð eitt í kaffiteríu ferjunnar til þess að fá vegabréfsáritun til Marokkó. Heimamenn virtust líka þurfa að fara í röðina og fá einhvers konar stimpil á sérstakt eyðublað.

Við vorum síðust um borð en gengum rakleitt að ómerkту dúklögðu borði í kaffiteríunni sem var stúkað af með bankaböndum. Konan mín, Kristín Erla, greip vegabréf fjölskyldunnar og tók sér stöðu við borðið á meðan ég reyndi að passa upp á farangur

Morgunmatur
Hádegismatur
Kvöldmatur

Matsstöðin

Nýr Matsedill
á hverjum degi!

Kópavogsbraut 115 / 200 Kópavogur / s. 844 1145

SAKAMÁL



1974 hófst Bandaríkjamadurinn Dennis Lynn Rader handa við óháfuverk sín. Rader myrta tíu manns þaðan í frá til ársins 1991. Hann fékk viðurnefnið BTK-mordinginn (bind, torture, kill). Á þessu tímabili sendi Rader bréf til lögreglunnar og fjölmiðla þar sem hann gumaði af ódæðum sínum. Hann hélt sér til hlés til ársins 2004 en hóf þá bréfasendingar að nýju. Þær leiddu til handtöku hans árið 2005. Hann fékk 10 lífstíðardóma árið 2005, og skyldi hann afplána þá hvern á fætur öðrum.

SKÖTUHJÚN Í

■ Gerald varð snemma lélegur pappír ■ Charlene umbar kenjar hans og fantasíur ■

Gerald Armond og Charlene Adelle Gallego voru illa innrætt par, svo vægt sé til orða tekið. Gerald fæddist 17. júlí, 1946, en varð þess aldrei aðnjótandi að kynna föður sínum. Það kom reyndar ekki til af góðu því pápi, Gerald eldri, var í grjótnu, San Quentin nánar tiltekid, þegar sonurinn fæddist. Gerald eldri, sem var skaphundur mikill, hafði orðið tveimur lögregluþjónum að bana og beið órlaga sinna á dauðadeild. Níu árum eftir fæðingu sonar síns tók hann sín síðustu andvörp í gasklefa í Mississipi, fyrstur manna til að hljóta þau örlög.

Gerald yngri ólst upp í þeirri trú að faðir hans hefði látist af slysförum, enda var það sú útgáfa sem móðir hans hafði fódrað hann á. Kemur Gerald eldri ekki meira við sögu hér.

Sifjaspell og nauðganir

Gerald virðist hafa erfð skapsmuni föður síns því um níu ára aldur komst hann í kynni við verði laganna. Þrettán ára var honum

stungið inn eftir að upp komst að hann hefði haft kynmök við sex ára nágarnastúlku.

Þegar Gerald varð 32 ára hafði hann gengið sjö sinnum í hjónaband, tvisvar sinnum með sömu konu, og gerst sekur um tvíkvæni á þeirri vegferð.

Gefnar höfðu verið út nokkrar handtökuskipanir á hendur honum, meðal annars fyrir sifjaspell, nauðganir og endaparmsmök. Síðasta eiginkona Gerald, áður nefnd Charlene, virtist vera fullkomin andstæða hans. Hún kom frá heimili sem einkennst hafði af stöðugleika og ástíri, og varð þetta líka ástfangin af Gerald, enda var ekki allt sem sýndist.

Sálufélagi Gerald

Charlene fæddist 10. október, 1956, í Kaliforníu. Um tólf ára aldur byrjaði hún að nota fíkniefni og þremur árum síðar var hún í sambandi með blökkumanni sem hét Tyrone. Hann kemur þessari sögu ekki við.

Charlene kynntist Gerald síðla árs 1977 og þau fóru að slá sér upp.




Charlene Gallego kom frá fyrirmyndarheimili, en varð ekki til fyrirmyndar.

Hún gerði sér ekki aðeins farum að læra á og umbera kenjar Gerald heldur bætti um betur og samsaði sig þeim og tók þátt í þeim. Þessar kenjar Gerald og einnig fantasíur leiddu síðar til þess að þau komu sér upp heimulegum stað þar sem „kynlífsþrælum“ var haldið fængnum til að vera til taks þegar Gerald þóknaðist.

Fyrstu fórnarlömbin

Skötuhjún biðu ekki boðanna og að kvöldi 10. september, 1978, létu



Gerald eldri skaphundur sem endaði ævi sína í gasklefa.

þau til skarar skriða. Fyrstu fórnarlömb þeirra voru vinkonurnar Rhonda Scheffler, 17 ára, og Kippi Vaught, 16 ára. Þær voru á leið í verslunarmiðstöð í Sacramento þegar Charlene varð á vegi þeirra. Einhverra hluta vegna samþykktu þær að setjast inn í bifreið hennar. Lík þeirra fundust tveimur dögum síðar í um 25 kílómetra fjarlægð frá Sacramento.

Síðar varð ljóst að Gerald hafði nauðgað vinkonunum alla nóttina og síðan fóru hann og Charlene með þær til Sloughouse í Sacramento-sýslu. Þar neyddu þau stúlkurnar út í skurð þar sem Gerald lamdi þær báðar í höfuðið með felgújárn. Síðan skaut hann þær í höfuðið, einu skoti hvora. Þegar hann gekk á brott tók hann eftir að Kippi hreyfði sig og skaut hana þremur skotum til viðbótar.

Unglingsstúlkur hverfa

Næstu ódæði sín, sem vitad er um, unnu Gerald og Charlene þann 24. júní 1979. Aftur var um að ræða tvær vinkonur, en mun yngri en þær fyrri.

Brenda Judd, 14 ára, og Sandra Colley, 13 ára, hurfu af skemmtisvæði í Reno í Nevada.

Allt til ársins 1982 voru þær skráðar sem strokustúlkur, en vitnisburður Charlene þá varpaði ljósi á afdrif þeirra.

Þann 24. apríl, 1980, rændu Gerald og Charlene tveimur stúlkum í Sunrise-verslunarmiðstöðinni í Citrus-hæðum í Reno. Um var að ræða Karen Chipman og Stacey Redigan. Líkamsleifar þeirra fundust 27. júlí og ljóst á verksummerkjum að þeim hafði báðum verið misþyrmt kynferðislega og þær síðan barðar til ólifis.

Barnshafandi kona kviksett

Því fór fjarri að hið miður geðslega par væri búid að fá nóg og 8. júní, 1980, hvarf 21 árs, barnshafandi kona, Linda Aguilar, frá Port Orford í Oregon.

Það var þó ekki fyrr en 20. júní sem ættingjar hennar tilkynntu að Lindu, sem var gengin fjóra mánuði, væri saknað. Tveimur dögum síðar fannst lík hennar í grunnri gróf suður af borginni Gold Beach í Oregon.

Höfuðkúpa Lindu var brotin og hún bundin á höndum og fótum með nælönreiði. Talið var víst að hún hefði verið kviksett því sandur fannst í nefi, munni og hálsi hennar.

Nælönreiði um hálsinn

Virginia Mochel, 34 ára barþjónn, var numin á brott á bílastæði við krá í vesturhluta Sacramento þann 17. júlí 1980. Líkamsleifar Virginíu, sem hafði unnið á umræddri krá, fundust ekki fyrr en í lok október það ár og voru nánast beinin ein. Um hálsinn var nælönreiði og því ályktað að hún hefði verið kyrkt.

Það var kannski óumflýjanlegt að Gerald og Charlene yrðu á mistök, eins og oft verður raunin þegar varkárni vikur fyrir oftru á eigið ágæti. Sú varð raunin aðfaranótt 2. nóvember 1980 í Sacramento.

Afdrifaríkur löðrungur

Kærustuparið Craig Miller, 22 ára, og Beth Sowers, 21 árs, yfirgaf skólansleik klukkan hálf tvö um nóttina. Andartaki síðar sá vinur þeirra hvar þau sátu í aftursæti bíls sem lagt var fyrir framan dansstaðinn. Í farþegasætinu frammi í sat náungi, frekar óárennilegur á að líta.

Næsti kafli hefst hér

GIMLI
FASTEIGNASALA



Bjóðum uppá frítt sölurömmat

BREIÐAVÍK 11, 112 RVK (GRAFARVOGUR)

Tegund
Stærð
Herbergi

Fjölbyli
109 M²
3



MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Þara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

Banani greip æpli



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuáttak
framundan?

Ávextir í áskrift kosta um
550 kr. á mann á viku
og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



Avaxtaðu betur

www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

Steinaldarfólk framkvæmdi heilaskurðaðgerðir

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Heilaskurðaðgerðir eru meðal flóknustu aðgerða sem framkvæmdar eru í sjúkrahúsum nútímans en þær eru þó langt frá því að vera nýjar af nálinni. Fólk hefur verið að brjótast í gegnum haus-kúp-ur og lækna kvilla, með misgóðum árangri, síðan á steinöld.

Lífslíkur góðar

Fornleifafræðingar hafa grafið upp þúsundir hauskúpa sem eiga það sameiginlegt að hafa stórt hringlaga gat, yfirleitt á annarri hliðinni. Einnig hafa fundist hellamálverk þar sem sjá má fólk framkvæma þessa aðgerð, svo nefnda kúpuborun, á höfði með oddhvössu verkfæri sem borað var inn í gegnum kúpuna. Þessa sögu má síðan rekja fram á miðaldir í öllum heimshornum en þá virðist þessum sið hafa verið hætt á flestum stöðum. Mannfræðingar sem rannsökuðu ættbálkasamfélög í Afríku og Pólynesíu komust þó að því að þessar aðgerðir voru enn stundaðar í upphafi 20. aldar.

Vísindamenn eru ekki allir sammála um af hverju þetta var gert en flestir telja að tilgangurinn hafi verið að minnka sársauka, til dæmis vegna migrenis, til að lækna geðveiki, flogaveiki og jafn vel að hrekja út illa anda.



Hauskúpurnar sem fundist hafa með þessum götum hafa sýnt merki um taugasjúkdóma eða heilasköddun, oft á sama svæði og borað var í.

Í Grikklandi til forna var þetta stundað og sjálfur Hippókrates, faðir læknisfræðinnar, gaf nákvæmar lýsingar á því hvernig aðgerðin ætti að fara fram. Ef rétt var staðið að voru lífslíkur sjúklingsins merkilega háar og sýkingarhætta lítil. Sérstök tól voru búið til til að framkvæma þessar aðgerðir og tóku þær miklum framförum í gegnum aldirnar. Beittir hnifar, borar, krókar, pinnar, þvingur og fleira.

Trúarlegur tilgangur

Trúarlegt hlutverk þessara aðgerða fékk byr undir báða vængi árið 1997 þegar fornleifafræðingar í rússnesku borginni Rostov fundu gröf með sjö beinagrindum, fimm til sjö þúsund ára gamlar. Um var að ræða bein þriggja karlmanna, tveggja kvenna, einnar unglingsstúlku og barns á öðru ári. Gat var á hauskúpum allra nema eins karlmannsins og smábarnsins sem er merki-legt þar sem þessar aðgerðir voru mun sjaldgæfari í Rússlandi en víða annars staðar.

Það sem var óvanalegt við þessar aðgerðir er að holurnar voru á hvirfli höfuðkúpanna en ekki á



Tæki til að framkvæma heilaskurðaðgerð

hliðinni. Mjög sjaldgæft er að finna kúpu með holu á þessum stað, enda er hvirfilssvæðið viðkvæmt og mikil hætta á blæðingu og dauða ef farið er þar inn. Auk þess sýndu hauskúpurnar í Rostov engin merki heilaskaða eða taugasjúkdóma. Fundurinn var því fordæmalaus. Mannfræðingurinn Elena Bativa rannsakaði höfuðkúpurnar í sam-

hengi við aðra fundi og setti fram þá kenningu að aðgerðirnar hefðu verið framkvæmdar á svæðinu í kringum Rostov sem helgisíður. Óvíst er hvort tilgangurinn hafi verið að gefa fólki einhverja sérstaka eiginleika sem aðrir höfðu ekki. Ljóst er að þetta voru ekki mannfórnir því fólk í grófinni hafði allt lifað í þó nokkurn tíma eftir aðgerðina. ■

Brjálaði Austurríkismaðurinn sem stýrði Mongólíu í hálf tölur

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Fyrri heimsstyrjöldin og rússneska byltingin sem fylgdi í kjölfarið hrundu af stað atburðarás sem einkenndust af óreiðu. Í Mongólíu börðust sjálfstæðissinnar undir merkjum Bogd Khan við Kínverja og árið 1919 fengu þeir óvæntan liðstyrk frá Roman von Ungern-Sterberg, austurrískum stríðsherra og aðalsmanni sem barist hafði í Rússlandi. Hann var betur þekktur sem hinn brjálaði barón. Í stuttan tíma, áður en bolsévíkar sendu inn her og gerðu Mongólíu að kommúnistaríki, réð Ungern barón landinu.

Taldi sig Genghis Khan endurfæddan

Ungern barón var fæddur í Austurríki en fjölskylda hans flutti búferlum til Eistlands þegar hann var barn. Hann gekk í herskóla árið 1906, barðist í fyrri heimsstyrjöldinni og kleif metorðastigann af miklum móð. En mestan áhuga hafði hann á málefnum Austu-Asíu og sérstaklega Mongólíu. Ungern leit mikið upp til Genghis Khan og heimsveldis hans frá 13. öld.

Árið 1911 hóf Bogd Khan uppreisn sína í Mongólíu gegn Kínverjum sem réðu svæðinu og var Ungern sífellt að biðja yfirmenn sína um að senda sig að landamærum Rússlands og Mongólíu.

Þegar Nikulásí keisara var steyp árið 1917 og bolsévíkar komust skömmu síðar til valda gekk hann ekki til liðs við hvítliða þrátt fyrir að vera mjög hliðhollur keisaranum. Þess í stað fór hann austur til Síberíu þar sem hann barðist með flokki hermanna við bolsévíka á eigin forsendum, studdur af Japönnum.

Margir af þeim hermönnum sem börðust með Ungern barón voru Mongólar. Riðu Ungern og hans menn um héruð á hestum, líkt og herir Genghis Khan fyrrum, og lögðu byggðir í eyði. Heimsmynd Ungerns var óvanaleg fyrir 20. aldar Evrópumann. Hann var búddisti og einræðissinni sem fyrirleit lýðræðið. Þess voru þá merki þess að Ungern hafi verið byrjaður að líta á sig sem Genghis Khan endurfæddan og hefði því rétt til að stýra Mongólíu.

Stráfelldi gyðinga

Árið 1920 sá Ungern sér leik á borði þar sem Rússland var í molum og Kínverjar voru að hörfa frá Mongólíu. Þann 1. október riðu menn hans yfir landamærin og í átt að höfuðborginni Urga (nú Ulan Bataar) þar sem hann mætti Kínverjum í bardaga. Ungern notaði þá gamalt herbragð úr smiðju Khan, að kveikja elda í hæðunum í kringum borgina til að herlið hans virtist stærra en það var í raun. Ungern hafði aðeins um 1.500 menn á meðan Kínverjar höfðu 7.000.

Í lok janúar árið 1921 náðu sveit-



ir Ungerns að frelsa Bogd Khan sem var þá í stofufangelsi. Þann 4. febrúar náðu þeir Urga á sitt vald. Í apríl hörfuðu Kínverjar úr landinu eftir misheppnaða tilraun til að ná Urga aftur á sitt vald.

Bogd Khan varð konungur (khagan) Mongólíu en Ungern réð samt öllu. Hann hataði gyðinga og þess vegna voru þeir miskunnarlaus teknir af lífi. Kínverjar fengu einnig að finna fyrir því sem og rússneskir bolsévíkar.

Leiddur fyrir aftökusveit

Bolsévíkastjórnin í Rússlandi var að eflast sumarið 1921 og stutt í að Sovétríkin yrðu stofnuð. Lenín leit á Mongólíu sem kjörið tækifæri til að koma á stóru leppríki í Asíu og því voru sendar þar inn hersveitir í byrjun júní. Margir úr liði Ungerns snerust gegn honum og þann 6. júlí féll Urga í hendur bolsévíka.

Ungern flúði til norðurhéraðanna og barðist áfram en eftir einn



Bogd Khan

ósigurinn, þann 20. ágúst var hann handsamaður. Eftir sex klukktíma réttarhöld, þann 15. september, var brjálaði baróninn leiddur fyrir aftökusveit. Sovétnmenn náðu landinu og fékk Bogd Khan að vera

konungur áfram, að nafninu til, til dauðadags árið 1924. Þá var formlega komið á kommúnistaríki sem hélt velli til ársins 1992. ■

Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli.
Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð,
husa um umhverfið og henda rusli.
Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu
og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka,
þó það sé ekki okkar rusl.

Hvað er Pikk-UPP?

- ▶ Það að vera Pikk-UPP snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ Píkka-Upp rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og Píkka-UPP rusl.



Betri umgengni byrjar hjá þér!

„Maður á ekki að skammast sín fyrir svona“

■ Þær beruðu sig á síðum Playboy ■ Er nektin þeim feimnismál í dag?

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Við eigum sterkasta fólkið, magnaða tónlistarmenn, bestu leikarana, kynngimagnaða náttúru og svo auðvitað fallegustu konurnar. Fyrir um 20 árum uppgötvaði ritstjóri Playboy að hér mætti leita fanga fyrir sumarhefti tímaritsins sem kom út árið 1998.

Íslenskt þema varð fyrir valinu með forsíðufyrirsögninni „The Hot Hot Women of Iceland.“ Þar var fjölmörgum stúlkum héðan og þaðan af landinu boðið að sitja fyrir hjá þekktasta klámblaði veraldar. Á hinu litlu Íslandi flyktust íslenskir karlmenn til að festa kaup á umtalaðasta klámblaði ársins. Nú eru liðin tuttugu ár frá því að Playboy-tímaritið birti myndapáttinn. Á þessum tíma voru þrettán ungar konur sem tóku umdeilda ákvörðun.

Þetta var á þeim tíma sem strippbúllur spruttu upp eins og gorkúlur, Davíð Þór Jónsson leikstýrði fólki í að stunda kynlíf fyrir myndatökur í Bleikt og blátt sem seldist sem aldrei fyrr. Það má segja að kynlífsæði hafi ríkt hér á landi á þessum árum. Konur tóku þátt í fegurðarsamkeppnum með stolti eða komu fram naktar og lýstu sumar yfir að þetta opnaði hinar ýmsu dyr. Þær vissu reyndar ekki þá að þær ættu eftir

að iðrast alls þessa. Og niðurstaðan er einfaldlega sú, eftir að DV fór að kanna málið, að konur ættu aldrei að taka þátt í fegurðarsamkeppnum eða sitja fyrir naktar þegar þær eru ungar. Eftir tíu ár eða tuttugu, þegar fjölmiðlar vilja einn daginn rifja upp þær sögur munu langflestar konurnar ekki vilja tjá sig. Þær skammast sín fyrir þennan tíma í lífi sínu. Þegar DV hafði samband við konurnar þótti það mikið feimnismál hjá flestum að rifja upp þessa örlogaríku ákvörðun. Sumar vildu hreinlega ekkert tjá sig um myndatökur og vildu að ljósmyndirnar heyrðu fortíðinni til.

Svipuð atburðarás hefur átt sér stað þegar fyrrverandi sigurvegarar í fegurðarsamkeppnum hafa verið beðnir um að tjá sig um þátttökuna. Þegar DV fór á stúfana fékk blaðamaður svör á borð við þessi: „Ég var ung og mig vantaði peninginn“ og „Það þarf auðvitað að hugsa um börnin.“

Ísdrottningin Ásdís Rán Gunnarsdóttir er hins vegar ekki þekkt fyrir spéhræðslu. Ásdís sat fyrir í búlgarska Playboy árið 2010 við jákvæðar undirtektir og gríðarlegt umtal á því ári. Þess má geta að Ásdís er eini Íslendingurinn, ásamt Berthu Maríu Waagfjörð, sem hefur setið fyrir í sérstökum myndapáttum fyrir tímaritið ásamt því að prýða forsíðuna.

Segir kvenréttinda- stefnu vera stóra hindrun

Ásdís segir í samtali við DV að hún hafi ekki orðið mikið vör við framan nefnd feimnismál í gegnum tíðina, hvorki varðandi nektarmyndatökur né fegurðartitla, nema þá stöku sinnum. „Það er þá út af þessari kvenréttinda-
stefnu síðustu árin – að konur eru hvattar til þess að leita ekki eftir viðurkenningu fyrir fegurð eða líkama,“ segir Ásdís.

„Slík herferð hefur haft mikil áhrif á konur á Íslandi og kannski þær sem eiga titla verða hálf kjánalegar í kjölfarið og þora ekki að vera stoltar af þeim. Það er náttúrlega bara bull að láta þetta hafa áhrif á sig ef þú hefur unnið fegurðarkeppni. Þessu fylgir mikil vinna, lífsreynsla og skemmtilegar minningar sem ekki á að skammast sín fyrir. Þetta verður væntanlega alltaf umdeilt og bókað að

ekki allir verði jafn hrfnir, en það þarf ekki að horfa á þetta með neikvæðum augum.“


Rifu sig úr að ofan þegar tækifærið kom

Ásdís ræðir Free the Nipple-byildinguna árið 2016 í beinu framhaldi á umræðunni um þessi feimnismál. Hún telur að konur eigi eftir að sjá eftir að hafa stigið fram þar og berað á sér brjóstin.

„Mér var nú heldur brugðið þegar landinn tók upp á þessu.

Eins og ekkert væri eðlilegra en að ganga um bæinn á brjóstunum,“ segir hún.

„Mér þykir furðulegt að sjá stelpur sem fusuðu yfir því að ég væri að pósa fyrir Playboy fyrir fullt af peningum, vera fyrstar til að rífa sig úr að ofan þegar tækifærið kom. Ég veit ekki hvernig á að dæma þetta, en ég held að konur ættu bara að gera það sem þær vilja og láta sér líða vel með það. Hvort sem það er að ganga niður Skólavörðustíginn á brjóstunum, pósa fyrir ljósmyndara eða bara





Sumarhefti bandaríska Playboy árið 1998.



halda sig heima í fötunum.“ Þá rifjar hún upp minningarnar af myndatökunni sinni og hvernig upprunalega boðið kom til.

„Þetta tilboð frá Playboy var búið að liggja á borðinu hjá mér í um tvö ár þegar til ég sló til eftir mikla umhugsun og ég hef aldrei séð eftir þeirri ákvörðun,“ segir Ásdís og tekur fram að það sem hélt aftur af henni hafi aðallega verið „litla Ísland“, eins og hún orðar það.

„Við erum svo lítil þjóð, það eru fá tímarit í boði og svona efni er almennt ekki fyrir augum almennings eins og tíðkast erlendis, þannig að Íslendingar eru kannski ekki sérlega opnir fyrir svona tímaritum. Erlendis er þetta annars vegar mikið stöðumerki, jafnvel heiðursmerki, og yfirleitt bara stórstjórnur sem þrýða forsiðumyndapætti fyrir Playboy.“

Góð viðbrögd og hærri laun

Ásdís segir að um fimmtán manns hafi unnið að hennar tókum fyrir tímaritið. Tökutímabilið var þrjú dagar og hún segist ekki hafa verið laus við stressið á fyrsta deginum, þrátt fyrir að vera þaulreynd í fyrirsætustörfum. „Ég titraði allan fyrsta daginn en seinni daginn var ég orðin sjóúð og von því að hafa allt þetta fólk horfandi á mig pósandi nakta,“ segir hún sæl. „Útkoman var miklu betri en ég var

búin að ímynda mér, og er ég enn í dag mjög sátt við mitt framlag fyrir Playboy.“

Að sögn Ísdrottningarinnar skapaði þessi myndataka gríðarleg tækifæri fyrir hana um alla Evrópu. „Launin mín í almennum verkendum hækkuðu helling og það rigndi inn tilboðum fyrir forsíður, myndapætti og skemmtileg verk efni í kjölfarið,“ segir hún. Að sögn Ásdísar var myndapáttur hennar í búlgarska Playboy-tímaritinu birtur um alla Evrópu og varð jafnframt að stærsta myndapætti sem birtist í þýska Playboy á þessum tíma, en þýska útgáfa tímaritsins keypti birtingarréttinn á myndum Ásdísar. Segir hún Íslendinga á sínum tíma hafa tekið almennt vel í Playboy-myndirnar hennar enda tímaritið söluhæst í Eymundsson í nokkra mánuði það ár.

Þegar náðist í Ásdísi var hún nýkomin heim til Íslands frá Búlgaríu og sagðist ætla að einbeita sér að því að ná heilsunni aftur. Í fyrra sumar lenti hún í alvarlegu slysi og þurfti að notast við hjólastól um skeið. Ásdís datt aftur fyrir sig í stiga með þeim afleiðingum að mjaðmagrindin tvíbrotnaði ásamt tveimur rifbeinum. Nú segist hún öll vera að koma til og stefnir að því að kynna lífsstílshandbókina sína, Valkyrja, sem kom út fyrir síðustu jól. ■

TUDOR

ER FERÐAVAGNINN RAFMAGNSLAUS?

Frístundarafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12
577 1515 / skorri.is

„Hvaða rugl er ég eiginlega kominn út í?“

■ Jóhannes Haukur leikur rússneskan skúrk í þriðja sinn
■ Mótleikarinn tók slaginn fyrir Jóhannes og hlutverkið stækkaði

Féðgarnir saman
Jóhannes og Kodi Smit-McPhee.

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is

Það hættir aldrei að vera skemmtilegt að hitta fólk sem maður hefur séð í bíómyndum og lítur upp til. Maður kemst síðan alltaf að því að þetta er bara venjulegt fólk, þegar maður byrjar að spjalla og reynir að kynna þv. En þetta lið er yfirleitt alltaf lágvaxnara en maður heldur,“ segir Jóhannes Haukur Jóhannesson leikari, en hann er um þessar mundir staddur í Suður-Afríku við tökur á ofurhetjumyndinni *Bloodshot* þar sem hann stangast á við stórleikarann Vin Diesel.

Þar að auki leikur hann annað aðalhlutverkið í ævintýramyndinni *Alpha*, en hún verður frumsýnd í næstu viku og hefur hingað til fengið góðar viðtökur gagnrýnenda. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem íslenskur leikari fer með annað aðalhlutverkið í Hollywood-stórmynd.

Þegar blaðamaður hafði samband við Jóhannes sat hann í förðunarstólum og beidd eftir nærtúrkömum, en tökutímabilið var rúmlega þrjár vikur og leyndi leikarinn ekki spennu sinni fyrir verkefni. „Ég var að leika með aðalmanninum í gærnótt, honum Vin Diesel, og fékk að skoða tökurnar þegar við vorum búnir. Þá sá ég mig og hann standa saman í ramma og hugsaði bara: „Bíddu, hvaða rugl er ég eiginlega kominn út í? Mér finnst þetta svo ógeðslega töffi“ segir Jóhannes, en þess má geta að upphaflega stóð til að ráða leikarann og tónlistarmanninn Jared Leto í þetta hlutverk.

Fullmikið blótad

Bloodshot er byggð á samnefndri teiknimyndasögu sem segir frá fyrrverandi hermanni, sem leikinn er af Diesel, sem er gæddur yfirnáttúrulegum kröftum. Hann leitar hefnda á þeim sem gerðu hann að því sem hann er og mætir þar á meðal illkvittna Rússanum Nick Baris sem Jóhannes leikur. Þetta ku vera í þriðja skiptið sem Jóhannes leikur rússneskt ill-

Það er ástæða fyrir því að leikarar fá ekki að klippa bíómyndir

menni og segir hann að það sé yfirleitt töluvert skemmtilegra að bregða sér í hlutverk skúrks.

„Maður hefur svo mikið frelsi þegar maður leikur illmenni,“ segir Jóhannes. „Maður getur gert þá þínu klikkaða og er oft beðinn um að prófa mismunandi hluti í tókunum. Það er kannski sagt við mann: „Vertu aðeins meira klikkaður núna“ en svo getur komið á móti „Nei, þetta var fullklikkað“ segir hann og hlær.

„Ég lenti í því núna nýlega að ég var beðinn um að spinna í senunni sem ég var í, þannig að ég fór að blóta svolítið mikið og sagði alræmda f-orðið. Leikstjórnin kom þá til mín, alvarlegur og sagði: „Við fáum bara eitt „fokk“ í myndinni og þú færð það ekki. Það er á hreinu.“

Þá útskýrir Jóhannes að framleiðsla myndarinnar styðjist við hinn svonefnda PG-13 aldurstimpil í Bandaríkjunum, en í þeim tilfellum er eingöngu leyfilegt að nota „f-orðið“ einu sinni. „Mögulega fær Vin Diesel það, en rússneska illmennið er vöðalega kristilegt í orðaforðanum.“

Grasið grænna hinum megin

Jóhannes hefur gert það gott að undanförunu og mun einnig sjást á næstunni í kvikmyndinni *The Good Liar* með Ian McKellen og Helen Mirren í aðalhlutverkum. Síðar mætir hann þeim Jake Gyllenhaal og Joaquin Phoenix í vestranum *The Sisters Brothers* en auk þess gegnir hann stórum hlutverkum í *Netflix*-þáttunum



Fjölskyldan á tókustað með einni stjörnu myndarinnar Alpha.



Vin Diesel í stuði.



The Innocents og Origin.

Utan vinnunnar lýsir Jóhannes sér sem ósköp venjulegum fjölskylduföður sem búsettur er í Laugardalnum. Aðspurður hvornig gangi að halda jafnvægi á svona mörgum erlendum verkefnum og taumhaldi á börnunum segir hann það ganga ljóm-andi vel og að konan og börnin séu oft með í för þegar tökurlara fara fram erlendis.

„Það er eitt með þessa krakka-orma. Þau eru búin að heim-sækja hverja höfuðborgina á fætur annarri þegar við flytjum þau á tókustaði, við höfum farið til Ungverjaland, Kanada og Sviss en það eina sem þau tala um er að þau fái aldrei að fara til Tenerife,“ segir hann. „Grasið er alltaf grænna hinum megin.“

Aðspurður um kvikmyndina *Alpha* segir hann eftirvinnsluna hafa tekið sinn tíma enda liðin tvö ár frá því að tökum myndarinnar lauk. Hins vegar bætir leikarinn við að aldrei hafi upphaflega staðið til að hann fengi jafn stórt hlutverk í myndinni og síðar varð raunin.

Alpha gerist fyrir tuttugu þúsund árum á meginlandi Evrópu og segir frá ungu drengi. Í miðri veiðiferð með föður sínum verður hann viðskila við föður sinn og aðra veiðifélaga þeirra. Þá neyðist hann til þess að sjá um sig sjálfur í fyrsta sinn á ævinni og finna

leiðina heim áður en veturinn skellur á. „Ég var upphaflega ráðinn í miklu minna hlutverk, sem einn af veiðimönnunum,“ segir Jóhannes. „Leikstjóranum leist ágætlega á mig fyrir föðurhlutverkið en kvikmyndaverið vildi fá einhvern þekktari, helst eitthvert stórnafn í þetta.“

Barist fyrir Jóa

Að sögn Jóhannesar er það stráknurinn í aðalhlutverkinu, Kodi Smit-McPhee, að þakka að hann hafi landað stærri rullunni. Kodi tók slaginn við framleiðendur *Alpha* og krafðist þess að Jóhannes fengi að leika föðurinn. „Það gekk svona vel að framleiðendur samþykktu það og ég fékk hlutverkið í kjölfarið,“ segir Jóhannes og bætir við að strangt undirbúningsferli hafi tekið við í kjölfar jákvæðu fréttanna. Leikarinn þurfti ekki aðeins að koma sér í betra form til þess að leika veiðimanninn heldur fylgdi hlutverkinu líka kennsla á fornu tungumáli sem er í raun og veru ekki til.

„Það er eitthvert félag fólks sem sinnir því verkefni að búa

sérstaklega til tungumál fyrir kvikmyndir og við vorum með sama lið og bjó til allt álfa-málið fyrir *Lord of the Rings*. Þeir búa líka til tungumál fyrir *Game of Thrones* og *Superman*-þættina *Krypton*. Þau eru fengin til þess að búa til formál þessa fólks sem var uppi fyrir tugþúsundum árum, sem byggt er á frumbyggjamálum einhverra ættbálka,“ segir Jóhannes.

„Ég þurfti að læra þetta tungumál og það lendir svolítið á mér að vera með lengri texta þar sem ég leik pabbann og er alltaf að útskýra hluti fyrir stráknum. Ég fékk lengri kafla af textum en aðrir og eyddi klukkutíma eða tveimur á dag í að reyna að leggja þetta á minnið. Þetta eru náttúrulega bara einhver hljóð sem eru ekkert lík neinu og það var órlítið erfitt að læra þetta helvítis tungumál,“ segir hann kátur. [Jóhannes fékk aðeins eitt blótsyrði í þessu viðtali og er kvótinn hér með uppfylltur].

Gæti lent á klippigólfinu

Jóhannes hefur ekki enn séð *Alpha* og segist vera órlítið smeykur um að ýmislegt lenti á klippigólfinu. „Ég tók upp langar einræður, sem ég eyddi allveg ótrúlegum tíma í að reyna að ná á þessu tungumáli og ég veit ekki hversu mikið af því er eftir í myndinni,“ segir hann. „Það var mikið haft fyrir þessu en maður verður auðvitað bara að taka því eins og hverju öðru ef það gerist. Það er líka ástæða fyrir því að leikarar fá ekki að klippa bíómyndir.“ ■

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu





GEIMVERUR BOÐUÐ SÍNA Á SNÆFELLSJÖ

Kom út úr skápnunum með reynslu sína

Kristjón Kormákur Guðjónsson
Tómas Valgeirsson
kristjon@dv.is/tomas@dv.is



Þann 5. nóvember 1993 söfnuðust um 500 manns saman við Snæfellsjökul og biðu þar í kulda og éljagangi eftir að geimverur létu sjá sig en þær höfðu boðað komu sína að jöklinum þetta kvöld. Boðin höfðu verið send til fólks sem taldi sig næmt og var að sögn í beinu eða huglægu sambandi við vitsmunaverur á öðrum plánetum utan sólkerfis okkar. Sem von var vakti þetta mikla spennu hjá sumum en aðrir voru síður ánægðir með þessa yfirvofandi heimsókn. Einn þeirra var Snorri Óskarsson, sem var þá safnaðarhirðir hjá Betelsöfnuðinum í Vestmannaeyjum, en hann sagði geimverurnar vera „útsendara djöfulsins“.

Nákvæm tímasetning hafði verið gefin upp fyrir komu

geimveranna og átti geimfar þeirra að lenda klukkan 21.07. Mikil spenna sveif yfir vötnum og andrúmsloftið var rafmagnað. Margir fréttamenn voru á staðnum, þar á meðal frá CNN. Hótel Búðir hafði verið opnað sérstaklega þessa helgi vegna þessarar heimsóknar. Hótelíð var fullbókað og boðið upp á geimvænna matseðil. Sigríður Gísladóttir hóteldstýra sagðist í samtali við DV vera mjög spennit.

„Það liggur eitthvað í loftinu,“ sagði hún og varpaði fram þeirri hugmynd að hugsanlega væri Snæfellsjökull geimskip sem myndi brjóta af sér ísinn og taka á loft er kvöldið tæki.

Á Hellnum beið fólk í uppgærdum fjósi og reyndi að halda á sér hita en kalt var í veðri. Eftir því sem leið á kvöldið og klukkan þokaðist nær því að verða 21.07 jókst spennan. Sumir héldust í hendur og umlluðu í kór til að sýna

geimverunum að þar væri vinveitt fólk á ferð. En allt kom fyrir ekki og geimverurnar létu ekki sjá sig en flestir viðstaddra létu það ekki skemma kvöldið alveg fyrir sér og skemmtu sér ágætlega og flugeldum var skotið á loft. Hugsanlega ekki aðeins til að skemmta fólki heldur til að gefa rammvilltum flugstjóra geimfarsins merki um hvar hann ætti að lenda. Aðrir voru síður ánægðir með þetta og kenndu fjölmiðlafári og miklum ljósagangi við jökulinn um að geimfarið kom ekki. Fjölmiðlar fjölluðu að vonum mikið um yfirvofandi heimsókn geimvera enda ekki á hverjum degi sem slíkir gestir heimsækja okkur Íslendinga eða jarðarbúa. Ef þær hefðu komið hefði það að sjálf-sögðu verið stærsta frétt ársins og líklega stærsta frétt aldarinnar ef ekki mannkynssögunnar því við mennirnir höfum jú frá örófi alda velt fyrir okkur hvort líf sé að

finna utan jarðarinnar eða hvort við séum eini í alheiminum.

Undirbúnings- og móttökunefnd

Það var engin tilviljun að Snæfellsjökull átti að vera lendingarstaður gestanna því kunnugir segja að orkusvið jökulsins sé með eindæmum gott. Í frétt DV frá 6. nóvember 1993 er haft eftir Michael Dillon, aðalskipuleggjanda móttökuathafnar sem átti að vera fyrir geimverurnar, að hann hafi átt samskipti við geimverur og viti af tilvist þeirra.

„Hvernig sem allt fer verður þetta heimssögulegur atburður sem minnst mun verða lengi og víða. Það er ekki útilokað að Snæfellsjökull og nágrenni verði framvegis samskiptastaður fyrir geimverur og jarðarbúa,“ sagði Dillon. Lítið hefur þó orðið úr því svo vit að sé en auðvitað getur verið að einhvers konar samskiptamið-

stöð milli jarðarinnar og vitsmunavera í öðrum sólkerfum sé rekin á leynilegum stað nærri Snæfellsjökli.

Dillon virðist hafa verið þess fullviss að geimverurnar kæmu því hann sagðist hafa séð fimm undarleg ljós á himni aðfaranótt föstudags og hafi þau vís að hvert í sína áttina. Hann taldi útilokað okkur stafaði hætta af geimverunum og sagðist fullviss um að þær hefðu fylgst með jarðarbúum undanfarið.

Eins og góðum gestgjöfum sæmir var búið að undirbúa landingu geimskipisins og var Skúli Alexandersson þingmaður í forsvari fyrir undirbúningsnefndina. DV hafði eftir honum að mikil eftirvænting ríkti á norðanverðu Snæfellsnesi. Hann taldi líklegt að geimfarið myndi lenda skammt frá Hellissandi. Björgunarsveitir og lögreglan höfðu undirbúið sig.



Sjáðu úrvalið
á goddi.is

MARGAR
GERÐIR

Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



et
EHF.

VERSLUN

**FRÁBÆRT ÚRVAL
DÍÓÐU (LED)
VÖRUBÍLA OG KERRU-
LJÓSA Á GÓÐU VERÐI**

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is





Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.



TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS

